



200.000 OG MÁLIÐ ER DAUTT
ÁSGERÐUR JÓNA VILL BORGJA SIG FRÁ RÉTTARHÖLDUM



Agnes bað Þóri að hætta að koma fram fyrir kirkjunnar hönd
Sendi prestum tilkynningu

7. SEPTEMBER 2018 / 34. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.



DV **Jóa Lífið: Litríkur ferill** 



Eyjólfur Kristjánsson Viðtal

STOLTASTUR AF AÐ HAFNA EKKI BUGAST


- „Við hættum að borga en vorum ekki blönk“
- Haslar sér völl á nýjum vettvangi

EVA OG ÁLFHEIÐUR

- Sögðu upp í vinnunni
- Fóru í heimsreisu með börnin sín tvö



Jóhann Berg
Elskaður og dáður í Burnley




Frábærir réttir frá öllum heimshornum **Hefur þú prófað?**

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli
 undir flestar tegundir bíla



VÍKURVAGNAR

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara 

Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
 Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Mér mundi ekki hugnast að deyja tvisvar. Það er svo leiðgjarnt.“

– Bandaríski eðlisfræðingurinn Richard Feynman (11. maí 1918–15. febrúar 1988)

Á þessum degi, 7. september

70 – Rómverskur her undir stjórn Títusar hertekur og fer ránhendi um Jerúsalem.

1571 – Thomas Howard, 4. hertogi af Norfolk, er handtekinn fyrir hlutverk sitt í samsæri um að ráða Elísabetu I. Englandsdrottningu af dögum og koma Maríu Stúart Skotlandsdrottningu til valda.



1818 – Karl III. er krýndur konungur yfir Noregi. Athöfnin fer fram í Þrándheimi.

1876 – Jesse James og James-Younger-gengið gera tilraun til bankarans í Northfield í Minnesota. Þeir eru hraktir – tómhentir – á brott af vopnuðum bæjarbúum.



1923 – Interpol – Alþjóðalögreglan er stofnuð.

1940 – Þýski flugherinn, Luftwaffe, hefur leifturstríð og varpar sprengjum á London og fleiri breskar borgir, samfleytt í 50 nætur.

1986 – Desmond Tutu verður fyrsti blökkumaðurinn til að leiða Ensku biskupakirkjuna í Suður-Afríku.



AGNES BISKUP VILL AÐ SÉRA ÞÓRIR DRAGI SIG Í HLÉ

■ Bað hann að láta af störfum fyrir kirkjunnar hönd ■ Sendi prestum tilkynningu

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Agnes Sigurðardóttir biskup hefur beðið séra Þóri Stephensen, fyrrverandi dómkirkjuprest, að taka hvorki að sér athafnir eða þjónustu á vegum kirkjunnar fram. Eins og DV hefur áður greint frá játaði séra Þórir á sáttafundum árið 2010 og árið 2015 að hafa brotið kynferðislega á ungrri stúlku á sjötta áratug síðustu aldar. Að sögn Agnesar ætlar Þórir að verða við bón hennar.

Þetta kemur fram í stuttu bréfi sem Agnes sendi til presta í vikunni en hún hefur legið undir töluverðri pressu eftir umfjöllun DV og annarra miðla í ágúst. Áður hafði Stundin greint frá málinu en séra Þórir var þá ekki nafngreindur.

Prestum gert viðvart

Samkvæmt heimildum DV eru margir prestar afar ósáttir við það

hvernig Agnes hefur tekið á málinu. Þólandi leitaði til fagráðs kirkjunnar árið 2010 og árið 2015 fór hinn umdeildi sáttafundur fram á Biskupsstofu, þar sem séra Þórir játaði brot sín. Prestum var þá ekki gert viðvart og hefur séra Þórir komið fram fyrir kirkjunnar hönd, meðal annars hefur hann predikað í útvarpaðri mesu í Breiðholtskirkju og verið viðstaddur vígslu Skálholtsbiskups.

Eftir að DV birti viðtal við Agnesi, þar sem blaðamanni var vísað á dyr, fjölluðu aðrir miðlar um málið en Agnes veitti þeim engin svör.

Bréf Agnesar er eftirfarandi:

Góðan daginn kærur prestar

Ég hef óskað eftir því við séra Þóri Stephensen að hann taki ekki að sér athafnir eða þjónustu á vettvangi kirkjunnar. Viðbrögð hans voru þau að hann ætlar að verða við þeirri beiðni. Þar sem emerítar framkvæma slíkt í um-


boði starfandi presta þykir mér mikilvægt að koma þeim upplýsingum til ykkar.

*Kv.
Agnes M Sigurðardóttir
Biskup Íslands*

Sagði að gerandinn ætti að bera ábyrgð á sjálfum sér

Brot séra Þóris áttu sér stað snemma á sjötta áratug síðustu aldar þegar hann var nemi í guðfræði við Háskóla Íslands. Þólandinn, dóttir forstjóra sem Þórir fékk herbergi hjá, opnaði sig fyrst um brotin á efri árum og leitaði þá til Stígamóta. Málið var aldrei rannsakað af lögreglu og auk þess löngu fyrnt samkvæmt lögum. Leitaði hún því til fagráðsins til að fá úrlausn sinna mála en biskupi höfðu einnig borist bréf og ábendingar frá ættingja þólanda og presti.

Séra Þórir vildi lítið segja um málið þegar DV ræddi við hann í



ágúst. Sagði hann þó að þetta mál væri bull og vitleysa og löngu afgreitt. Þeir starfsmenn fagráðs sem DV hafði samband við, núverandi og fyrrverandi, vildu ekki tjá sig um málið.

Í viðtali við DV sagði Agnes að gerandinn ætti að bera ábyrgð á sjálfum sér um hvað honum myndist við hæfi og hvað ekki. Fortíðin yrði ekki tekin til baka. ■

Sturla hættir í Klúbbsi matreiðslumeistara vegna samnings við Arnarlax

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Matreiðslumeistarinn þekkti, Sturla Birgisson, sagði sig úr Klúbbsi matreiðslumeistara í kjölfar samstarfssamnings klúbbsins við laxeldisfyrirtækið Arnarlax. Í samtali við DV sagði Sturla að það væri grátlegt að hugsa til þess að á sama tíma og mörg af helstu veitingahúsum landsins hafa tekið saman höndum til varnar umhverfi og lífríki Íslands með því að lýsa yfir að þau bjóði aðeins lax úr landeldi, hafi klúbburinn látið glepjust af fé og sé að auglýsa norskan eldislax sem alinn er í opnum sjókvíum við landið. Kaldhæðni orlaganna er sú að á dögnum veiddist eldislax í Vatnsdalsá, einni bestu laxveiðiá landsins. Sá sem hélt þar á stönginni var enginn annar en Sturla sjálfur. Sturla hefur ekki eingöngu keppt fyrir hönd kokka-



landsliðsins heldur einnig þjálfað það. Hann var einnig fyrstur Íslendinga til að keppa fyrir hönd landsins í kokkakeppninni Bocuse d'Or. „Þessi samningur er út í hött“, sagði Sturla.

Nokkur veitingahús á landinu hafa tekið höndum saman og kaupa ekki lax af Arnarlaxi þar sem þau telja að starfsemi fyrirtækisins gæti skaðað villta laxastofna á Íslandi. Fyrirtækinu var nýverið synjað um alþjóðlega vottun, svokallaða ASC-vottun, sem fylgir ítarlegum stöðlum um sjálfbæra samfélags- og umhverfissvæna sjávarvöruframleiðslu. Erlendir kaupendur eldislaxins gera margir strangar gæðakröfur og meðal annars krefjast þeir ASC-vottunar. Svo virðist sem það skapi engin vandamál fyrir Klúbbs




matreiðslumeistara að gera samstarfssamning við fyrirtæki sem uppfyllir ekki þessar gæðakröfur.

DV hafði samband við Björn Braga Bragason, formann Klúbbs matreiðslumeistara, vegna málsins og spurði hvort eðlilegt væri að klúbburinn gerði samning við fyrirtæki sem uppfyllti ekki alþjóðlegar gæðakröfur. „Þetta er mjög áhugaverð spurning. Arnarlax er náttúrulega bara fyrirtæki

sem starfar í íslenski lögsögu og er með starfsleyfi á Íslandi og fylgir lögum landsins. Klúbbur matreiðslumeistara, sem á og rekur kokkalandslíðið, er ópólitískur félagsskapur og við getum ekki tekið afstöðu til þess hvaða ræktunarleiðir eru notaðar svo lengi sem þær standast lög og reglur landsins“, sagði Björn Bragi.

Þegar hann var aftur spurður frekar út í af hverju klúbburinn væri að semja við fyrirtæki sem væri ekki með alþjóðlega vottun á framleiðslu sinni sagði hann: „Ég get eiginlega ekki svarað þessari spurningu betur.“ Blaðamaður spurði einnig hvort kokkalandslíði myndi nota lax frá Arnarlaxi þegar það keppti erlendis fyrir hönd Íslands. „Ég geri ekki ráð fyrir því. Eins og staðan er núna erum við ekki skuldbundnir að nota þennan lax.“ ■




ÚTSÖLULOK!

Allt að sjötíu prósentu afsláttur af sýningarvörum.

**SÍÐUSTU DAGAR, ÚTSÖLUNNI LÝKUR
Á MORGUN LAUGARDAG KL. 16!**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is





LOF & LAST

– Þorsteinn Sæmundsson

Ég lofa mjög þann óeigingjarna hóp fólks sem starfar við að tryggja okkur hinum öryggi. Þar á ég sérstaklega við löggæslustéttir, starfsfólk lögreglu og tollgæslu. Ég lofa einnig íslenska heilbrigðisstarfsmenn sem vinna að bættu lífi okkar við erfiðar aðstæður.

Ég lasta þá sem stýra löggæslumálum á Íslandi fyrir sinnuleysi þeirra gagnvart málaflöknum sem kemur fram í undirmönnun og ónógum tækjabúnaði. Hvort tveggja skerðir öryggi borgaranna.

Ég lasta þá sem ætla nú að eyða 100 milljónum af almannafé til að hola niður nýju þjóðarsjúkrahúsi á ómögulegum stað sem mun gera dvöl sjúklinga á sjúkrahúsinu óbærilega næstu árin, gera starfsfólki erfiðara um vik að sinna starfi sínu og auka á kvíða aðstandenda í stað þess að reisa nýtt sjúkrahús á betri stað.

Það er staðreynd að...



Sumir kettir eru með ofnæmi fyrir mannfólki.



Það telst til góðrar lukku ef súmóglímukappi grætir barnið þitt.



Leikarinn Bella Lugosi var grafinn í Drakúla-búningnum, en hann fyrstur til að túlka hina frægu persónu á hvíta tjaldinu.



Moskítóflugan hefur 47 tennur.



Langsta bil á milli fæðingu tvívura er 87 dagar.

Ásgerður Jóna borgarar til að losna við óþægilegt mál

■ Nafngreindi skjólstaðing í viðtali ■ Greiðir 200 þúsund krónur til þess að sleppa við réttarhöld

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Aðalmeðferð máls Kolbrúnar Daggar Arnardóttur gegn Ásgerði Jónu Flosadóttur, formanni Fjölskylduhjálpar, var frestað um tvær vikur þegar málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni. Ástæðan var sú að lögmennt deiluðila voru sammála um að sáttagrundvöllur væri til staðar og að viðræðum þess efnis myndi ljúka á næstu dögum. Herma traustar heimildir DV að Ásgerður Jóna hafi boðið Kolbrúnu Dögg 200 þúsund krónur til þess að losna við pínleg réttarhöld.

Forsaga málsins er sú að Kolbrún Dögg hafði leitað sér aðstoðar fyrir síðustu jól hjá hjálparsamtökunum sem Ásgerður Jóna er í forsvari fyrir. Hún fékk poka með matvörum en varð fyrir miklum vonbrigðum þegar heim var komið. Mikil af því sem hún fékk var útrunnið og ekkert hefðbundið.

kjötmeti fylgdi með, aðeins fiskur og kjötbollur. Kolbrún birti færslu á lokuðum Facebook-hópi þar sem hún lýsti yfir vonbrigðum sínum með úthlutunina og í kjölfarið ræddi hún nafnlaust við DV um málið.

Í valdamikilli stöðu

Ásgerður Jóna tók gagnrýnina óstínt upp og nafngreindi Kolbrúnu Dögg í útvarpsviðtali hjá Bylgjunni. Í viðtali við DV í sumar sagði Kolbrún Dögg að hún hafi upplifað mikla niðurlægingu og skömm í kjölfar nafnbirtingarinnar.

„Ég brotnaði gjör-samlega niður. Ég glími með al annars við alvarlegar kvíðaraskanir og þessi gjörningur Ásgerðar Jónu var sem olía á þann eld,“ sagði Kolbrún Dögg meðal annars. Hún hafi átt afar erfitt um tíma en með stuðningi vina og

„Eigum við ekki að segja 200 þúsund krónur og málinu er lokið? En þá má skjólstaðingur þinn ekki hlaupa með málið beint í DV.“

vandamanna hafi hún ákveðið að taka slaginn og leggja fram kærú á hendur Ásgerði Jónu. „Ég upplifði þessa hegðun hennar á þá leið að hún hefði farið í fýlu og viljað hefna sín. Í starfi sínu hefur hún völd yfir fólki sem er í mjög viðkvæmri stöðu og að mínu mati má hún ekki komast upp með þetta. Það er alveg nógu erfitt að fara í biðröð hjá Fjölskylduhjálpar og upplifa sig sem þriðja flokks fólk þó að maður þurfi ekki að hafa áhyggjur af hefndaragerðum ef

maður tjáir sig. Ég fór því og leitaði mér ráðgjafar hjá lögfræðingi og niðurstaðan varð sú að kæra var lögð fram,“ sagði Kolbrún Dögg.

Vitneskja DV um upphæð tilvonandi sáttgreiðslu er tilkominn vegna þess að blaðamaður DV brá sér í heimsókn í héraðsdóm til þess að fylgjast með nokkrum málum. Sat blaðamaðurur við opið fundarherbergi lögmannna á 4. hæð þar sem lögmenn Kolbrúnar Daggar og Ásgerðar Jónu ræddu málin. Sagði þá lögfræðingur hinnar síðarnefndu, hátt og snjallt: „Eigum við ekki að segja 200 þúsund krónur og málinu er lokið? En þá má skjólstaðingur þinn ekki hlaupa með málið beint í DV!“



Set tóbakið þar sem mér sýnist

Svarthöfði

Í vikunni fór Svarthöfði í kaupfélagið sitt, Nettó í Mjódd, til að kaupa vikuskammtinn sinn af íslensku neftóbaki. Það er þjóðlegur sómi að því að taka hressilega í nefið og vörina. Svarthöfði verður einnig sprækur og gáskafullur af því.

En einu tók Svarthöfði eftir. Tóbakið grófmalaða og ilmsæta er komið í nýjar dollur sem eru mikil tímamót. Persónulega er Svarthöfði á þeirri skoðun að hlutir eigi ekki að breytast, sérstaklega ekki sígildar vörur eins og íslenskt neftóbak. Stíllinn á dollunum var eins klassískur og umbúðirnar

fyrir Royal-búðinga og lyftiduft. En feginn er Svarthöfði þó að ekki var hlaupið á eftir duttlungum þeirra sem vilja umbylta dollunum í samræmi við einhverjar „núttíma-kröfur.“

Byrjum á innsiglinu. Einhverjir höfðu kvartað yfir því að dollurnar væru ekki innsiglaðar og Svarthöfði er ánægður með að sjá að slíkt þrjá sé ekki á nýju dollunum þó að barminum hafi verið breytt örlítið. Svarthöfði hefur séð það í Ríkissjónvarpinu hvernig neftóbak er verkað. Það er einn gamall sveitalarfarur sem snýr rjólinu í tunnu og treður því berhentur í dollurnar. Svarthöfði treystir honum vel.

Sumir hafa kvartað yfir því



að það vantaði innihaldslýsingu á gömlu dollurnar og hoppaði Svarthöfði hæð sína í loft upp þegar hann sá að þær voru heldur ekki á þeim nýju. Við vitum öll að það er ammoníak, salt, glerbrot, hrossatað og miltisbrandur í íslensku neftóbaki. Það þýðir ekkert að vera að velta sér upp því

og óþarfi að fæla unga veganista frá því að neyta þessarar náttúrulegu og þjóðlegu vöru.

Svarthöfði varð hins vegar fyrir miklum vonbrigðum með skilaboðin sem sett voru hægra megin á límmiða nýju dollunnar. „Ekki ætlað í munn.“ Þetta er nú pólitískur rétttrúnaður af verstu sort, ábyggilega ferlað og línað á rándýrum fundi þar sem glaðhlakkalegir verkefnastjórar og almannatenglar smjatta á gojibauna-beyglum og kamillu-frappúsíno.

Nei, Svarthöfði lætur slíkt pakk ekki segja sér hvar hann stingur sínu tóbaki. Til að mótmæla þessari firru og valdníðslu ætla Svarthöfði að troða neftóbakinu inn í eyrun í dag. ■

**MILLJÓNIR GERA
HAUSTIÐ MEIRA KÓSI**

38

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 38 MILLJÓNIR




LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



Samlokubarinn í Krónunni, Lindum.
MYND: VEITINGAGEIRINN.IS

Samlokubarinn gjaldprotta á rúmu ári

Byrjun júní í fyrra var opnaður veitingastaðurinn Samlokubarinn með pomp og prakt. Staðurinn var staðsettur í verslun Krónunnar í Lindum og bauð upp á vel útláttnar steikar- og BLT-samlokur auk rifja- og veganborgara. Alls tók staðurinn 25 manns í sæti og viðtökurnar virðast hafa verið góðar til að byrja með. Í viðtali við veitingageirinn.is, á þeim tíma, sagði annar eigandinn, Valþór Sværissón, að rifjaborgari staðarins væri að slá í gegn. Gamanið stóð þó stutt því í byrjun árs var veitingastaðnum lokað og þann 30. ágúst var búið tekið til gjaldþrotaskipta. Valþór, sem þekktur er fyrir úrávörumerki sitt 24Iceland, átti 65 prósent hlut í fyrirtækinu á móti 35 prósent hlut Nadiu Tamimi.

Hver er hann?



■ Hann er fæddur í Reykjavík þann 8. janúar árið 1959.

■ Í lok árs 1996 var hann ráðinn framkvæmdastjóri Tóbaksvarnarnefndar.

■ Hann varð bikarmeistari í frjálsíþróttum með FH árið 1988 og keppti í spjótkesti

■ Árið 2010 fékk hann Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir bókina Ertu Guð, afi?

■ Hann hefur unnið fyrir íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu undanfarnin ár.

SVAR: ÞÓRRMUR ÞRÁINSSON

STÆRSTA BÓKUNARSÍÐA HEIMS SAKAÐI ÓSK UM AÐ VERA TÖLVUHAKKARA



Miðað við þessa reynslu mína þá verð ég að ráðleggja fólki að vista ekki kreditortanúmer sín á ýmsum bókunarsíðum á netinu, jafnvel þó að um sé að ræða stórar síður eins og booking.com," segir Stefánía Ósk Þorsteinsdóttir, alltaf kölluð Ósk, í samtali við DV. Hún hefur undanfarna daga staðið í miklum bréfaskriftum við starfsmenn bókunarsíðunnar stóru vegna hótélbókunar sem skyndilega birtist á reikningi hennar og Ósk kannast ekki við. Viðbrögð booking.com hafa valdið henni miklum vonbrigðum en meðal annars hefur hún verið sökuð um að vera óprúttinn tölvuhakkari. „Þetta er búið að kosta mikinn tíma og ónáði.“

Skráð fyrir bókun hafnfirskrar fjölskyldu

Forsaga málsins er sú að Ósk fékk á dögnum textaskilaboð á símann sinn þess efnis að það styttest í helgarferð hennar til Edinborgar. „Ég hrökk við enda hafði ég ekki bókað neina ferð þangað," segir Ósk. Þegar hún kannaði málið frekar sá hún að á reikningi hennar á booking.com var sannarlega skráð bókun á gistingu í Edinborg í nokkra daga fyrir tvo fullorðna og eitt barn. Fljótlega komst hún að því að um var að ræða fjölskyldu frá Hafnarfirði sem að hafði sett inn allt annað kreditortanúmer.

„Eftir á að hyggja var ég mjög heppinn að þetta voru Íslendingar en ekki útlendingar þannig að auðvelt var að finna fólk. Ég hringdi í fjölskylduföðurinn sem

Ég verð því að ráðleggja öllum að hafa varann á varðandi skráningu kreditkorta sinna á netinu

var skrifaður fyrir pöntuninni og spurði hann hvort fjölskylda hans væri á leið til Edinborgar fljótlega og hvort að kreditortanúmerið hans endaði á tilteknum tölum," segir Ósk. Að hennar sögn vissi maðurinn ekki hvaðan á hann stóð veðrið, skiljanlega, en þegar hún hafði útskýrt málavöxtu fyrir honum varð þeim hjónum mjög brugðið.

Sökuð um að vera svikull hakkari

„Okkur fannst þetta náttúrlega stórunderlegt og höfum síðan verið í góðu sambandi við að leysa þetta mál," segir Ósk. Að hennar sögn hafi báðir aðilar málsins sent ítrekað tölvupóst á booking.com og hringt til þess að óska eftir skýringum og fá bókunina leiðrétta. Það gerðist ekki, heldur brást fyrirtækið við með undarlegum hætti. „Hafnfirskra fjölskyldan fékk þau svör frá booking.com að



sem hún hefur fengið frá fyrirtækinu. „Ég hef óskað eftir skýringum frá fyrirtækinu en hef ekkert heyrt í rúma viku. Ég hef notað þessa bókunarsíðu mjög mikið, en öryggi síðunnar er greinilega ekki meira en þetta. Ég verð því að ráðleggja öllum að hafa varann á varðandi skráningu kreditkorta sinna á netinu," segir Ósk.

Hún er afar ósatt við booking.com og þau tilsvör

Booking.com

NOKIA 3.1

13 MP MYNDAVÉL
TEKUR 2 SIMKORT
5.2" 18:9 SKJÁR MEÐ
GORILLA GLASS

NOKIA androidone





FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
**LÝÐHEILSU
GÖNGUR**
— SEPTEMBER 2018 —

LIFUM OG NJÓTUM

Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands verða alla miðvikudaga í september í flestum sveitarfélögum landsins. Markmiðið er að hvetja fólk á öllum aldri til útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap og efla þar með heilsu sína og lífsgæði.

- **September 2018**
- **Alla miðvikudaga kl. 18:00**
- **Náttúra, velliðan, saga og vinátta**
- **Fjölskylduvænar 60-90 mínútna göngur**
- **Í flestum sveitarfélögum**
- **Allir velkomnir - þátttaka ókeypis**

Allar upplýsingar um göngustaði vítt og breitt um landið má nálgast á www.fi.is/lydheilsa



Uppsæming: UMFLAG ehf.

SKILUR EFTIR SIG FJÖGUR BÖRN

■ Íris Dögg varð bráðkvödd 35 ára

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Íris Dögg Stefánsdóttir fékk blóðtappa í höfuðið aðfaranótt laugardagsins 25. ágúst síðastliðinn. Hún var flutt á Landspítalann í Fossvogi, þar sem hún lést ellefu dögum síðar, aðfaranótt miðvikudagsins 5. september, um vafin sínum nánustu, hún komst aldrei til meðvitundar. Íris Dögg skilur eftir sig fjögur börn á aldrinum 12–21 árs og hefur söfnun verið hrundið af stað til að standa straum af kostnaði vegna jarðarfara hennar og tryggja fjárhagslega velferð barnanna.

„Íris Dögg var að vinna föstudaginn 24. ágúst síðastliðinn í veiðihúsinu hér í Jökulsárhlið. Hún var búin að kvarta yfir höfuðverk yfir daginn og fá svima og vildi bara fara heim að hvíla sig,“ segir Anna Hólm Stefánsdóttir, eldri systir Írisar Daggar. „Unnusti hennar, Ásgeir Páll Baldursson, vildi keyra hana heim, en hún neitaði því og vildi bara frið og sagðist hvílast betur ein.“

Íris Dögg tók parkódín og lagði sig. Um miðnætti komu dóttir hennar og sonur minn heim. Þá var Íris Dögg inni hjá sér og síðar um nóttina heyra þau undarleg hljóð, þá var Íris Dögg eins og í flogakasti. Þetta var um tvö leytið aðfaranótt laugardags. Fyrst var farið með hana í Neskaupstað, því talið var að þetta væri flogakast vegna vinnuálags.“

Þegar ljóst var að ástandið var alvarlegra var flogið með hana til Reykjavíkur og lent þar um tíu leytið að morgni laugardags 25. ágúst. Íris Dögg komst aldrei til meðvitundar.

„Við fengum að vita að ósæðin hafði stíflast, kominn í hana tappi sem var losaður. Í kjölfarið rofnaði æð í höfði, líklega vegna líkam-

legs álags og þá varð ljóst í hvað stefndi.“

Íris Dögg skilur eftir sig fjögur börn; 12, 15, 17 og 21 árs, og elsta dóttir hennar á von á sínu fyrsta barni daginn fyrir jarðarför Írisar Daggar, sem verður 22. september. „Börnin hennar völdu séra Ólöfu Snorradóttur til að annast útförina, en hún er erlendis og því dregst jarðarförin þar til Ólöf kemur heim. Ólöf fermdi þau, var með okkur nóttina sem Íris Dögg lést og einnig þegar móðir okkar lést fyrir tveimur árum, 30. maí 2016.“

Móðir okkar greindist með krabbamein árið 2009 og þá var henni sagt að hún myndi ekki lifa fram á það haust, en við segjum alltaf að við höfum grætt sjö ár með henni, en hún var rétt sextug þegar hún lést.“

Fjölskyldan er búsett á Egilsstöðum og segir Anna að nærsamfélagið hafi hlúð að þeim eftir andlát Írisar Daggar. „Við höfum fengið afar mikið af fallegum kveðjum og skilaboðum og boðum um aðstoð. Við erum bara eiginlega með höfuðið á „rest mode“ en þegar nær dregur jarðarför munum við þiggja þá aðstoð sem verður í boði.“

Íris Dögg var á örorkubótum vegna stoðkerfis og kvíða og gafst henni því ekki kostur á að líftryggja sig og átti engan varasjóð fyrir útför. Litlir fjármunir eru því til staðar til að standa undir útfararkostnaði eða tryggja fjárhagslega velferð barna hennar í framtíðinni.

„Ég sagði við föður okkar að það væri gott ef umfjöllun veitti fólk til umhugsunar um mikilvægi þess að tryggja hag barna sinna ef eitthvað óvænt kæmi upp á.“

Markmið söfnunarinnar er að styrkja börnin og fjölskyldu á erfendum tíma. Sorgin er næg þótt fjárhagsáhyggjur bætist ekki ofan á.“

Reikningurinn er á nafni og kennitölu móðursystur Írisar Daggar.



Við hvetjum þá sem geta lagt söfnuninni lið að gera það. Margt smátt gerir eitt stórt.

Reikningur: 0123-05-010052
Kennitala: 150160-2439

– Ljóð sem Ásgeir Páll, unnusti Írisar Daggar, orti í minningu hennar:

Alltaf þú brúaðir bilið á milli
bræddir mitt hjarta, sorgir og sár
Þú skalt því hafa hug þess og hylli
heiðvirð um ókomin ár

Lífið er dans ekki alltaf á rósum
lifnaði aldrei hinn fegursti dans
Bjartsýnn þó riti úr bókum og
glósum
bljúgur minn fegursta krans

Oft finnst birtan falleg í heiði
fegurstu dagarnir draumana fá
Sú mun sólrík skína á þitt leiði
sælt verður hana að sjá

SKYRTA
4.990 kr.

next
KRINGLUNNI
S: 556 1200



Józef fékk tveggja mánaða dóm fyrir að stela vegahandbók á bensínstöð

Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt Józef Jan Damrath í sextú daga fangelsi fyrir þjófnað. Józef játadi brot sitt fyrir dómi en hann stal vegahandbók í verslun N1 Ártúns-höfða. Handbókin er metin á 4.990 krónur en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi hann almennt skilorð.

Józef sem er fæddur árið 1956 á

að baki sakaferil sem nær aftur til ársins 2006 en með broti sínu rauf hann skilorð. Józef var í byrjun árs 2017 dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir þjófnað.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að Józef viðkenndi brot sitt. Auk þess var litið til þess að ekki voru mikil verðmæti í húfi. Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður dómara, kvað upp dóminn.

39.900 KR.

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND

ENGIN BINDING

STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI

Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.

Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS



Meðferðarheimilið Krýsuvík.
MYND/DV: SIGTRYGGUR ARI

Ari Brynjólfsson
Kristjón Kormákur Guðjónsson
ari@dv.is/kristjon@dv.is



Aðstandendur meðferðarheimilisins í Krýsuvík róa nú að því öllum árum að reyna koma í veg fyrir að starfsemin verði stöðvuð. Sú ákvörðun var tekin í heilbrigðisráðuneytinu að hætta að styrkja samtökin eftir að DV fletti ofan af hverju hneykslinu á fætur öðru. Heilbrigðisráðherra var afhentur undirskriftalisti á miðvikudaginn. Þá hafa fjölmargir einstaklingar sem koma að Krýsuvíkursamtökunum ritað greinar í fjölmiðla í vikunni og kallað eftir því að meðferðarheimilinu verði haldið opnu. Greinarnar eru allar af svipuðum meiði, skrifðar af því fáa starfsfólki sem eftir er og skjólstæðingum. Samkvæmt þeim greinahöfundum er Krýsuvík besta meðferðarstöð í landinu og ekkert minnst á kynferðisofbeldi, óttastjórnun eða soun á fé, en styrkir frá ríkinu hafa verið nýttir til að kaupa glæsikerrur. Í greinunum er talað um athugasemdir en sannleikurinn

er að meðferðarstarfið þar hefur verið í molum. Það er ástæðan fyrir því að heilbrigðisráðuneytið hefur ákveðið að hætta að styrkja meðferðarstöð þar sem brúlað er með almannafé.

Safnað á AA-fundum

Safnað var tæplega 1.800 undirskriftum sem afhentar voru ráðuneytinu á miðvikudag. Samkvæmt heimildum DV var undirskriftunum meðal annars safnað fyrir utan AA-fundi og að dæmi séu um að undirskriftum hafi verið safnað í gegnum athugasemdir á samskiptamiðlum.

Kristbjörg Steinunn Gísladóttir, forstöðukona Krýsuvíkurheimilisins, er á meðal þeirra sem hafa skrifað grein í fjölmiðla í vikunni. Sagði hún í grein í Morgunblaðinu á miðvikudaginn að „sumt hefði mátt fara betur í starfsemi meðferðarheimilisins“. Hún segir í samtali við DV að það séu ekki samtökin sjálf sem standi að baki undirskriftasöfnuninni heldur velunnarar samtakanna. Tekið skal fram að hún sendi út fréttatilkynningu fyrir velunnara samtakanna á miðvikudag þar sem hún

óskaði eftir nærveru fjölmiðla. DV var eini stóri fjölmiðillinn sem fékk ekki boð á afhendingu undirskriftanna. Kristbjörg brást hvöss við spurningum blaðamanns hvort búið væri að gera úrbætur á starfseminni í samræmi við athugasemdir Landlæknis.

„Við höfum brugðist við öllum tilmælum Landlæknis. Ég veit það bara að Þorgeir er ekki hér og verður ekki hér,“ sagði Kristbjörg.

Soffía Smith, fulltrúi fyrrverandi skjólstæðinga í bata, sagði í samtali við blaðamann DV fyrir utan ráðuneytið á miðvikudag að ef það kæmi ekki fjármagn frá hinu opinbera þá yrði Krýsuvík lokað 1. nóvember næstkomandi. Það væri hjartans mál að meðferðarheimilinu yrði haldið opnu. „Við viljum alls ekki láta loka þessu. Það er nauðsynlegt að það séu margvísleg meðferðarúrræði í boði og þeim má alls ekki fækka. Þetta er dauðans alvara,“ segir Soffía.

Ástarsambönd og pallbíll

Velunnarar Krýsuvíkursamtakanna hafa fengið ýmsa með sér í lið sem nú dásama meðferðarstarfið. Á vefmiðlinum Miðjunn



Þorgeir Ólason, fyrrverandi forstöðumaður í Krýsuvík.

var vitnað í Þór Saari, fyrrverandi þingmann, sem sagði að Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra ætlaði „... líka að láta loka í Krýsuvík, einhverju merkilegasta og mikilvægasta meðferðarúrræði sem í boði er.“


Á þessari merkilegustu og mikilvægustu meðferðarstöð hefur þetta átt sér stað síðustu árin.

Staðfest var að Þorgeir Ólason, forstöðumaður heimilisins fram á þetta ár, átti í óeðlilegum samskiptum við kvenkyns skjólstæðinga heimilisins, jafnvel ástarsamböndum. Hann var sendur í tveggja mánaða leyfi í janúar.

Samningi Sjúkratrygginga Íslands við samtökin var rift í maí síðastliðnum. Krýsuvík hafði fram að því fengið árlega um 120 milljónir af almannafé.

Í maí í fyrra keyptu samtökin stóran pallbíll sem með öllu kostaði vel á tíundu milljón króna. Kostnaðurinn nam því tæplega 10 prósentum af því fjárframlagi sem samtökin nutu frá ríkinu á ári. Bíllinn var keyptur fyrir Þorgeir Ólason, þáverandi forstöðumann. Það var ekki einu sinni hægt að kaupa nagladekk fyrir þann bíl sem notaður var til að ferja ráðgjafa og aðra starfsmenn upp í Krýsuvík. Á sama tíma voru keypt dekk fyrir þrjú hundruð þúsund undir glæsikerruna.

Þá fjárfesti Lovísa Christiansen, þáverandi framkvæmdastjóri Krýsuvíkursamtakanna og móðir Þorgeirs, í glænýrri Skoda Octavia-bifreið fyrir sjálfa sig í nóvember 2012. Kaupverðið var 4,7 milljónir króna. Það verður að teljast einkennileg ráðstöfun fjár á meðferðarheimili, sem að sögn forsvarsmanna nær varla endum saman. Sérstaklega í ljósi þess að skrifstofa Krýsuvíkursamtakanna, þar sem Lovísa starfar dagsdaglega, er 300 metrum frá



heimili hennar í Hafnarfirði.

DV upplýsti um að minnsta kosti þrjá aðra starfsmenn sem hafa átt kynferðislegt samneiti með skjólstæðingum. Einn þeirra hefur verið kærdur til lögreglu.

Landlæknir gerði úttekt á starfsemi heimilisins árið 2016 og gerði nokkrar alvarlegar athugasemdir. Hálfu ári síðar kom í ljós að stjórnendur höfðu virt athugasemdir Landlæknis að vettugi. Helsta gagnrýni Landlæknis sneri að því að engir starfsmenn væru á heimilinu eftir klukkan fjögur á daginn og enginn um helgar.

Afstaða stjórnenda heimilisins var og er enn sú að því fyrirkomulagi verði ekki breytt. Sjúklingarnir eru því einir í Krýsuvík í um 15 til 17 klukkutíma á sólarhring. Sú yfirlýsing að fjárskorti sé um að kenna vekur vitaskuld athygli þegar hægt er að eyða vel á annan tug milljóna af fé frá ríkinu í glæsikerrur fyrir mæðginin sem stjórna meðferðarstöðinni.

Það er mat Þórs Saari og velunnara Krýsuvíkursamtakanna að þetta sé besta meðferðarstöð á Íslandi. Hvort það sé rétt verða lesendur að meta sjálfir. ■

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



SÉRVALIÐ GULLAUGA Í UMHVERFISVÆNUM UMBÚÐUM



KOMNAR Í VERSLANIR



Litríkur ferill Jóhannesar Eggertssonar

Hver er maðurinn bak við Snapchat-stjörnuna Jóa Lífið?

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Jóhannes Gísli Eggertsson hefur vakíð mikla athygli vegna uppátækis á samfélagsmiðlum nýverið. Jóhannes, sem kallar sig Jóa Lífið á Snapchat, þóttist vera fjórtán ára stúlka á síðunni einkamal.is. Þar narraði hann mann á sextugsaldri sem hafði illt í hyggju til að hitta sig á bílplani og sýndi hann frá fundinum í beinni útsendingu. Myndbandið hefur farið í mikla dreifingu á samfélagsmiðlum og áhorfstölurnar á Facebook sýna 178 þúsund þegar þessi frétt er skrifuð. Jóhannes sjálfur á sér athyglisverða sögu þrátt fyrir ungan aldur.

Seldi sama símann þrisvar sinnum

Jóhannes er 24 ára gamall en hefur upplifað margt. Í nýlegu útvarpsviðtali sagðist hann vera að vinna í sínum málum eftir margra ára óreglu. Hann sagðist einnig vera að kljást við kvíðaröskun. Jóhannes notaði fíkniefni, komst í kast við lög og hlaut dóma, meðal annars fyrir fjárvik.

Í ársbyrjun árið 2014 hlaut Jóhannes, þá aðeins tvítugur, níu mánaða fangelsisdóm fyrir ýmsa glæp, þar á meðal fjárvik á netinu. Þar af voru sex mánuðir skilorðsbundnir.

Þann 2. október 2013 braust Jóhannes inn á veitingastað á Eyrbakka og stal þar áfengisflöskum. Morguninn eftir var hann handtekinn á vegi við hesthúsahverfi bæjarins, mjög ölvaður. Þá seldi hann sama Samsung-síma til þriggja aðila á síðunni bland.is og hafði upp úr því 75 þúsund krónur.

Skammlíf netævintýri

Jóhannes afplánaði í fangelsinu á Kvíabryggju og þar fékk hann viðskiptahugmyndir sem hann hrínti í framkvæmd. Ári síðar kom hann fram í viðtali við DV og sagðist hafa



snúið lífi sínu við og væri kominn í AA-samtökin. Þá var hann kominn á fulla ferð með nokkrar vefsíður.

Ein þeirra var síðan magnkaup.is og notaði Jóhannes nýstárlegar aðferðir til að auglýsa hana. Skráðir notendur gátu komist í pott til að vinna tveggja vikna utanlandsferð til Alicante og auk þess 250 þúsund krónur í gjaldeyri. „Þetta er í rauninni ekkert dýrara en að kaupa auglýsingu,“ sagði Jóhannes við DV. Hjá Magnkaupum var hægt að kaupa ýmislegt svo sem staka smokka á 30 krónur og vírushreinsanir hjá annarri síðu sem Jóhannes rak, tolvuheimur.is, en Tölvuheimur var ekki skráð fyrirtæki með kennitölu.

Jóhannes rak einnig vefsíðuna knattspyrna.is þar sem notendur gátu horft á streymi af fót-boltaleikjum, meðal annars ensku í úrvalsdeildinni sem 365 hafði útsendingarrétt að. Hann taldi sig hins vegar ekki vera að gera neitt ólöglegt. Hann sagði:

„Þetta kemur 365 ekki við þar sem þetta er hýst á erlendum net-

þjónum. Einnig vill ég taka fram að þetta eru engin svik. Ég hef snúið við blaðinu og mun ekki svikja fé af fólki. Þetta er ódýrt fyrir notendur og kostar ekki 100.000 ár ári líkt og 365 rúkkar.“

Lögregla staðfesti síðar að síðan væri í rannsókn hjá auðgunarbrota-deild og notendur síðunnar kvörtuðu sáran yfir lélegum gæðum streymisins.

Báðar þessar síður voru skammlífar rétt eins og sludur.is og deit.is, sem byrjaði sem stefnumótasíða en þróaðist fljótt yfir í að selja hjálpartæki ástarlífsins. Jóhannes sagði DV að sú hugmynd hafi kviknað eftir að hann sá kvikmyndina 50 Shades of Grey. Jóhannes var einnig með tónlistarsíðu, svipaða og Soundcloud, en litlar upplýsingar eru til um þá starfsemi.

Sveik raftæki úr vefverslun

Í upphafi árs 2016 greindi DV frá því að Jóhannes hefði verið kærður fyrir að svikja vörur út úr vefverslun raftækjaverslunarinnar ELKO.



Seinna það ár var hann dæmdur til sex mánaða fangelsisvistar fyrir það.

Jóhannes gerði fjórar pantanir upp á samanlagt eina milljón króna. Meðal annars pantaði hann snjallsjónvarp frá Samsung og iMac-fartölvu en sendi falsaða greiðslukvittun fyrir kaupunum í tölvupósti.

Jóhannes sást á myndbandsupptökum þegar hann sótti vörurnar og við uppgjör hjá versluninni uppgötvaðust brotin.

Falinn blaðamaður

Árið 2017 var dagblaðið Fréttatíminn úrskurðað gjaldþrota en nokkrum mánuðum síðar spratt fréttatíminn.is upp aftur og undir nýrri stjórn. Mikil leynd ríkti um þá sem stóðu að baki síðunni og enginn var skráður fyrir þeim fréttum sem birtust.

Í janúar á þessu ári greindi DV frá því að Jóhannes hefði keypti lénid en skráður eigandi og titlaður ritstjóri væri Guðlaugur Hermannsson fiskkaupandi. Guðlaugur neitaði hins vegar allri aðkomu Jóhannesar að fjölmiðlinum þegar gengið var á hann. Í myndbandi við eina frétt á miðlinum mátti þó glögg heyra rödd Jóhannesar þar sem hann titlaði sig blaðamann.

Aðspurður sagðist Jóhannes ekki starfa hjá Fréttatímanum en dró það síðan til baka og viðurkendi að hann hefði verið hræddur við að vera dæmdur fyrir fortíð sína. Draumur hans væri að vera blaðamaður.

Barnaníðingaveiðar á Snapchat

Nýjasta ævintýrið sem Jóhannes hefur tekið sér fyrir hendur er að taka upp myndbönd á Snapchat og hefur hann haldið úti Jóa Lífið síðan sumarið 2017. Einnig er hann með Facebook-síðu með sama heiti.

Í ágúst árið 2017 sýndi hann myndband af því þegar hann stofn-

aði aðgang að einkamal.is til að veiða barnaníðinga. Hann sagðist vera fjórtán ára stúlka og fékk hundruð skilaboða frá fullorðnum karlmönnum, flestum yfir fimmtugt. Þá sagðist hann ætla að mæta einum af þessum mönnum og sýna frá því í beinni.

Um það bil ári síðar lét hann verða af þessu og sýndi frá því þegar hann mætti manni á sextugsaldri sem vildi hitta fjórtán ára stúlku. Maðurinn hafði áður sent Jóhannesi myndir af andliti sínu og kynfærum.

Myndbandið fór eins og eldur í sínu um netið eftir að Jóhannes birti það á samfélagsmiðlum og nálgast áhorf á Facebook 200 þúsund. Margir hafa hrósað Jóhannesi en aðrir gagnrýnt hann fyrir að taka lög in sínar hendur.

Kvittum um andlát

Miðvikudaginn 5. september fór sá kvittur á kreik á internetinu að maðurinn sem Jóhannes hitti á bílplaninu hefði annaðhvort svipt sig lífi eða gert tilraun til þess en ekki tekist. Var þetta rætt víða á samfélagsmiðlum og bárust skilaboðin á Facebook-síðu Jóhannesar. Degi seinna gaf hann út yfirlýsingu þar sem hann þakkaði stuðninginn en sagðist þurfa að taka sér frí frá Snapchat í einhvern tíma.

„Að mér skilst þá ganga sögu-sagnir um það að aðillinn sem um ræðir sé látinn en engin staðfesting hefur komið á því. Það sem ég hef lært á þessu er mjög mikið og mun ég í næsta skipti blörra fyrir andlitið á því myndskedi sem almenningur fær og svo afhenda lögreglu upprunalega myndbandið.“

Enn fremur:

„Ég er samt ekki hættur, það er of mikið af þeim þarna úti og þeir verða stöðvaðir.“

Yfirlýsingin var tekin niður skömmu síðar. ■

RÁIN

FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
ÞIG Í MAT OG
DRYKK

Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601



MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Þara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líkleggra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Þú færð MyKind vörulínuna hjá Mamma vet best Laufbrekku 30 200 kópavogi, Njálsgötu 1 101 Reyjavík og á Mammaveitbest.is

Þrír rússneskir blaðamenn myrtir í Afríku



Faustin Touadera, forseti Mið-Afríku Lýðveldisins

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Snemma morguns dag einn í lok júlí fundust lík þriggja rússneskra blaðamanna í um 200 kílómetra fjarlægð frá Bangui, höfuðborg Mið-Afríku Lýðveldisins. Þeir höfðu allir verið skotnir. Embættismaður á vegum Sameinuðu þjóðanna sagði að mennirnir hefðu verið myrtir af meðlimum eins ótal margra hópa uppreisnarmanna í landinu. Fljótlega var ljóst að hvorki yfirvöld í Mið-Afríku Lýðveldinu né rússneska sendiráðið vissu um veru blaðamanna í landinu. Morðin hafa vakið upp spurningar um hvort rússneskir málaliðar séu að störfum í Afríku. Blaðamennirnir þrír, sem allir voru paulreyndir, sjálfstætt starfandi

blaðamenn, höfðu farið til Mið-Afríku Lýðveldisins til að kafa ofan í hernaðarumsvif Rússa þar. Þetta voru þeir Orkhan Dzhemal stríðsfréttamaður, Alexander Rastogev rannsóknarblaðamaður og Kiril Radchenko myndatökumaður. Allt bendir til að hernaðarumsvif Rússa í þessu sárfátæka ríki séu miklu meiri en almenningur veit. Málið hefur vakið athygli víða um heim og hefur valdið því að umheimurinn veltir fyrir sér hversu mikil hernaðarumsvif Rússa séu á svæðinu.

Nán tengsl við Pútín

Premennirnir höfðu fengið veður af fyrirtæki sem er í eigu rússneskra kaupþýslumanna sem tengjast Vladímír Pútín Rússlandsforseta nánum böndum. Auk þess tengjast þessir kaupþýslu-

menn leynilegum her rússneskra málaliða sem er þekktur undir nafninu Wagner-hópurinn. Þetta fyrirtæki er nýbyrjað að stunda námuvinnslu í Mið-Afríku Lýðveldinu.

Blaðamennirnir ætluðu að fara að gullnámu á yfirráðasvæði eins uppreisnarhópsins og rannsaka tengsl Rússa og áhrif þeirra. Þessu skýrði Mikhaíl Khodorkovský, stofnandi The Centre for Investigation í Moskvu, frá eftir að fréttist af morðunum. Hann sagði að þremmennirnir hafi starfað með fleirum að rannsókn á málinu og hafi hún að hluta snúið að rússneskum leigumorðingjum.

Khodorkovský var eitt sinn ríkasti maður Rússlands. Í dag er hann þekktastur fyrir að vera einn mesti gagnrýnandi landsins á stjórnmálum Pútíns.



Maria Zakharova, talskona rússneska utanríkisráðuneytisins, var fljót að bregðast við fréttum af málinu og sagði að málið sem blaðamennirnir voru að rannsaka hefði ekki verið „neitt merkilegt“. Hún vísaði einnig til nýlegs samnings Rússlands og Mið-Afríku Lýðveldisins um hernaðarsamstarf ríkjanna.

Innihald samningsins hefur ekki verið opinberað en franska dagblaðið Le Monde segir að eftir því sem Sergej Sjojgu, varnarmálaráðherra Rússlands, hafi upplýst þá sé markmið samningsins að styrkja tengsl ríkjanna í varnarmálum. Hann er sagður hafa sagt að Mið-Afríku Lýðveldið væri áhugaverður samstarfsaðili í Afríku.

Mikil leynd

Margir telja það opinbert leyndarmál að rússneskir málaliðar séu að störfum í Afríku en ekki er vit að hversu margir þeir eru eða hvað þeir eru að gera. Financial Times hefur eftir Lewis Mudge, sem sérhæfir sig í rannsóknum á afrískum málefnum fyrir mannréttindasamtökin Human Rights Watch, að fólk í Mið-Afríku Lýðveldinu segi að liðsmenn Wagner séu þar að störfum. Á undanföllum árum hefur komið fram í dagsljósið að rússneskir málaliðar hafa starfað með mikilli leynd í Úkraínu og í Sýrlandi en eins og í Mið-Afríku Lýðveldinu hvílir mikil leynd yfir verkefnum þeirra og þeirri staðreynd að þeir séu til staðar. Hvað varðar samstarfssamning Rússlands og Mið-Afríku Lýðveldisins þá felst í honum að Rússar sendi fimm hernaðarráðgjafa og 170 almenna ráðgjafa til Bangui. Rússar vinna að þjálfun hers landsins í dag og öryggissveita Faustin Touadera forseta. Svo vill til að nánustu öryggisráðgjafar forsetans eru Rússar. Rússar selja einnig vopn til landsins og aðstoða við rekstur æfingabúða í borginni Sibut en rússnesku blaðamennirnir þrír heimsóttu borgina einmitt á ferð sinni um landið. Í lok ágúst skrifaði varnarmálaráðherra Rússlands undir nýjan samstarfssamning við starfsbróður sinn frá Mið-Afríku Lýðveldinu um enn frekari samvinnu ríkjanna tveggja.


Áratuga langt borgarastríð

Borgarastríð hefur staðið yfir í Mið-Afríku Lýðveldinu áratugum saman en ótal hópar uppreisnarmanna berjast gegn stjórnvöldum og hver öðrum. Engin framþróun er í landinu vegna átakanna og fjárfestar halda sig víðs fjarri þessu stríðshráða ríki þrátt fyrir að þar sé mikið af gulli, demöntum og úrani enda er staða öryggismála í landinu vægast sagt slæm. Thierry Vircoulon, sérfræðingur í málefnum Mið-Afríku hjá International Crisis Group, sagði í samtali við Financial Times að Rússar væru að styrkja stöðu sína í Afríku og Mið-Afríku Lýðveldið sé ein af leiðunum inn í álfuna. Ríkisstjórn landsins sé veikburða og því auðvelt að eiga við hana.

Sama dag og Rússar skrifuðu undir nýja samninginn við Mið-Afríku Lýðveldið skrifuðu þeir undir samstarfssamning um hernaðarmál við stjórnvöld í Búrkína Fasó. Áður höfðu þeir gert víðlíka samninga við Eþíópíu, Gíneu, Lýðstjórnarlýðveldið Kongó og Mósambík. Þá selja Rússar vopn til Nígeríu og Angóla og koma að námuvinnslu þar. Rússar hafa ekki farið leynt með áhuga sinn á að seilast til áhrifa í Afríku en Pútín og aðrir embættismenn í Rússlandi þegja hins vegar þunnu hljóði um leynileg störf rússneskra málaliða í álfunni og önnur umsvif sem þola illa dagsljósið. ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

Athyglisverðir punktur



Sum fyrirtæki senda bara starfsmann út í búð. Það kostar ekkert því hann er hvort sem er í vinnunni



Ávextir alla daga vinnuvikunnar kosta um 550 kr. á mann. Hamborgaratilboð kostar hátt í 2.000 kallinn, einu sinni.



Ávaxtabiti um miðjan morgun eða um nónið, getur bjargað deginum þegar starfsmenn eru orðnir orkulausir. Vinnuveitendur geta hagnast nokkuð á því.



Þegar fyrirtæki eru í áskrift hjá Ávaxtabílnum, þurfa þau aldrei að muna að panta – ávextirnir koma bara.



Ef fyrirtæki í áskrift vill breyta pöntun sinni, er hún kölluð fram á heimasíðu okkar, breytt og send inn – gæti ekki verið einfaldara.



Fyrirtæki í áskrift fá 20% afslátt af veislubökkum okkar.



Starfsmenn Múlalundar sjá um alla tiltekt ávaxtanna fyrir Ávaxtabílinn og fá svo að sjálfsögðu ávexti upp á borð hjá sér alla vikuna



Ávaxtaðu betur

www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

ELSKAÐUR OG DÁÐUR Í BURNLEY

Jóhann Berg gerir það gott í ensku úrvalsdeildinni ■ Stuðningsmenn Burnley elska þennan öfluga dreng



Burnley er borg í Lancashire á Englandi, 34 kílómetra norður af Manchester og rétt austur af Blackburn. Íbúar eru um 73.000. Borgin er á mótum ána Calder og Brun. Burnley byggðist upp sem markaðsbær í kringum 1300. Í iðnbýltingunni var þar mylla sem vann bómull og kolanáma. Knattspyrnulíð borgarinnar er Burnley F.C. Þar er einn Íslendingur,

Jóhann Berg Guðmundsson. Hann er ein af stjórnum liðsins en hann er að hefja sitt þriðja tímabil hjá félaginu. Jóhann er 27 ára gamall og hefur gert það gott fyrir félagið, félagið þakkaði honum traustid í sumar með nýjum samningi. Bládamaður skelti sér á heimavöll félagsins, Turf

Moor, um síðustu helgi. Þar var rætt við stuðningsmenn félagsins um þennan knáa kantmann. Jóhann gat ekki tekið þátt í leiknum gegn Manchester United sem tapaðist. Hins vegar er ljóst að stuðningsmenn félagsins kunna vel að meta þennan öflugan strák.

Chris McClair

„Hann minnr mig á kantmann frá því í gamla daga, hann er frábær að fara upp rennuna og koma honum fyrir. Hann er með frábærar fyrirgjafir, hann hefur reynst Burnley mjög vel. Mig langar að sjá hann skora aðeins fleiri mörk, en það er ekki einfalt að skora í okkar líði. Við spilum oft en ekki talsverðan varnarbolta.“

Charlie

„Hann er góður, hann ætti að spila alla leiki. Hann er virkilega góður, stundum er honum spilað út úr stöðu að mínu mati. Hann er stundum á hægri kantinum en ég vil bara hafa hann vinstra megin, hann er með frábæra löpp og fyrirgjafir hans eru fyrsta flokks. Þær henta leikstil Burnley mjög vel, hann er með frábæran vinstri fót.“

Ryan

„Hann hefur verið frábær síðan að hann kom til okkar, eftir síðasta tímabil þá var ég örliðið smeykur um að hann myndi einfaldlega fara frá okkur í stærra líð. Það voru því frábær tíðindi þegar hann skrifaði undir nýjan samning við okkur í sumar. Til að Burnley taki næsta skref þá þurfum við að halda okkar bestu leikmönnum og Jóhann er klárlega einn af þeim. Við höldum okkur vonandi í þessari deild þriðja árið í röð og förum svo að byggja ofan á það.“

Tony Dickinson

„Hann er frábær leikmaður, hann meiddist aftur sem er slæmt. Fyrst og síðast vonast ég til að Burnley geti haldið sér í deildinni, Jóhann þarf að vera heill stærstan hluta tímabilsins svo það takist. Okkar einbeiting er að halda okkur í deildinni, við erum ekki með sama fjármagn og flest líðin í þessari deild. Ég vona að við getum endað fyrir ofan fallsætin, það er það eina sem ég þrá.“

Richard Watt

„Ég er ekkert allt of duglegur að fylgjast með, ef ég á að vera heidarlegur, ég kem einstaka sinnum á leiki en það sem ég hef séð af Guðmundssyni er að hann er mjög öflugur leikmaður. Ég mætti á einn leik í fyrra og það var gegn Manchester City, þar skoraði hann gott mark og var okkar besti leikmaður. Svo var hann í líðinu sem vann okkur Englendinga á EM fyrir tveimur árum, það var afar sárt. Ég gleymi því tapi aldrei, búa 10 þúsund á Íslandi? Nei, ég segi svona. Hann er góður leikmaður.“

Matthew

„Hann er frábær leikmaður, við verðum um miðja deild á þessu tímabili. Jóhann lagði upp nokkur góð mörk í fyrra en ég vona að hann skori aðeins fleiri í ár. Með svona góða vinstri löpp á það að vera lítið mál.“

40% AFSLÁTTUR AF KING KOIL RÚMUM

KING KOIL FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN

GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018

KING KOIL ALPINE PLUSH

Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimm svæða skiptu þoka gorma kerfi, mjúkur toppur og steyptir kantar, ásamt botni og fótum.

Queen

13.693 kr.

á mánuði*

Stærð Queen (153x203 cm)

AFMÆLISVERÐ **154.070 kr.**

13.693 kr.* á mánuði með kredittortalani

Fullt verð **256.783 kr.**

King

18.816 kr.

á mánuði*

Stærð King (193x203 cm)

AFMÆLISVERÐ **213.459 kr.**

18.816 kr.* á mánuði með kredittortalani

Fullt verð **355.765 kr.**

KING KOIL

120 ÁRA

1898-2018

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955

rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

*12 mánaða vaxtalæis kredittortalanin**. Einnig hægt að greiða með Nefgrö.

HÁRTÆKJADAGAR

Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is

**ÖLL HÁRSNYRTITÆKI
Á 20-50% AFSLÆTTI**

Öll Babyliss, Philips, Vidal Sasson, Revlon, Tony&Guy
og OBH Nordica hártæki á góðum afslætti.

Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup!




Veglegur kaupauki
fylgir völdum
Babyliss vörum!



SLÉTTUJÁRN • BYLGJUJÁRN • HÁRKLIPPUR • KRULLUJÁRN • NEFHÁRASNYRTAR • BLÁSARAR
• HITABURSTAR • RAKVÉLAR • KEILUJÁRN • HITARÚLLUR • HÁRSNYRTAR OG MARGT FLEIRA

byggtog**búíð**

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS





Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandhorn



Hannes fékk ekki að vera memm

Hannes Hólmsteinn Gissurarson virðist sár og reiður yfir því að hafa ekki fengið boð á alþjóðlega ráðstefnu um bankahrúnið árið 2008 á dögnum. Ráðstefnan var í Háskóla Íslands og þar töluðu meðal annars Edmund Phelps, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, og Robert Z. Aliber, hjá Yale-háskóla. Gylfi Zoega, sem kom að ráðstefnunni, vildi ekki tjá sig við DV en það er í sjálfu sér ekki óvanalegt að boðsráðstefnur og fundir séu haldnir í Háskóla Íslands.

Það fór fyrir brjóstið á Hannesi að Þorvaldi Gylfasyni var boðið að flytja erindi og tiltekur sérstaklega að Þorvaldur hafi haft uppi getgátur um samsæri varðandi morðið á John F. Kennedy og árásina á Tvíburturnana 11. september árið 2001. Eins og flestum er kunnugt hefur Hannes unnið að skýrslu um bankahrúnið í þó nokkrun tíma en hann hefur áður varið þátt Davíds Oddssonar í aðdraganda hrunsins með kjafti og klóm.

Hægara sagt en gert

Stjórnmalámennt, atvinnurekendur og annað hátekjufólk er þegar komið í stellingar fyrir komandi átök á vinnumarkaði. Búið er að ræsa fram Gylfa Zoega til að kæfa vonir almennings um hækkunir í ætt við þær sem þingmenn, embættismenn og forstjórar hafa fengið, margir hverjir afturvirkir. Þeir sem þekkja umræðuna vita að orðin „óðaverðbólga“ og „kaupmáttaraukning“ mun bera á góma. Einnig orðið „höfrungahlaup“. Vandinn er hins vegar sá að fyrsti, annar og þriðji höfrungurinn eru farnir af stað, hægt var að stöðva þá alla með lagabreytingu. Það verður því hægara sagt en gert fyrir atvinnurekendur og stjórnvöld að sannfæra verkafólk um að það eigi að fá nokkra þúsundkalla í hækkun þegar aðrir fengu mörg hundruð þúsund krónur.



Af hverju brástu ekki strax við, frú Agnes?

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Á dögnum fjallaði DV ítarlega um syndir kirkjunnar. Í öndvegi í þeirri umfjöllun var kynferðisbrot séra Þóris Stephensen, á árum áður, gegn tíu ára gamalli stúlku. Á sáttafundi á Biskupsstofu, sem Agnes biskup sat, viðurkenndi séra Þórir brot sín fyrir framan fórnarlamb sitt og baðst afsökunar þar á. Fundurinn fór fram árið 2015 og DV hefur það frá fyrstu hendi að fórnarlambið hafi engan sálarfrið öðlast að honum loknum. Þvert á móti var upplifun fórnarlambins sú að forsvarsmenn Þjóðkirkjunnar álitu hana vera með vesen yfir löngu liðnum atburðum. Það var því sem rýtingur í hjarta hennar og aðstandenda að sjá séra Þóri Stephensen predika guðs orð við ólíklegustu tilefni á vegum kirkjunnar.

„Ég veit ekki hvort það sé neitt óeðlilegt við það í sjálfu sér,“ sagði Agnes í viðtali við DV þegar hún var spurð hvort henni þætti ekki óeðlilegt að séra Þórir tæki enn að sér slík verkefni. Hún sagði enn fremur að gerandinn þyrfti að finna það hjá sjálfum sér hvað væri við hæfi og hvað ekki. Á biskupi var að skilja að hún hafi hvorki viljað né getað hindrað séra Þóri Stephensen í að koma opinberlega fram fyrir hönd kirkjunnar.



Fréttatflutningur DV vakti mikla athygli og í kjölfar hans brást biskup loks við. „Kirkjan getur ekki, frekar en nokkur annar, leyft sér að stinga höfðinu í sandinn og það er afar mikilvægt að hún reyni stöðugt að bæta viðbrögð sín og spyrti

sjálfa sig áleitinna spurninga,“ sagði Agnes í yfirlýsingu á Facebook-síðu embættisins.

Síðan þá hefur málið fengið að krauma undir yfirborði Þjóðkirkjunnar. Loks sauð upp úr þegar Agnes sendi tölvuskeyti á alla presta Þjóðkirkjunnar þar sem fram kom að hún hefði beðið

séra Þóri um að koma ekki fram fram fyrir hönd stofnunarinnar. Enn fremur kom fram að séra Þórir ætlaði að verða við þeirri beiðni. Nánar er fjallað um málið á öðrum stað í blaðinu en stóra spurningin er þessi: Af hverju brástu ekki strax við, frú Agnes? ■

5 sem hægt væri að gera í stað þess að byggja bragga

Endurbætur á gömlum bragga við Nauthólsvík í Reykjavík hafa vakið mikla athygli enda hefur kostnaðurinn farið langt fram úr áætlunum, sem er reyndar orðin regla frekar en undantekning. Framkvæmdirnar hafa kostað 415 milljónir króna. Þeim peningum hefði verið hægt að eyða í þarfari hluti. Hér eru fimm möguleikar



Byggja íbúðir fyrir öryrkja

Fyrir 415 milljónir er hægt að borga fyrir fullt af plássí fyrir þá sem eiga ekki í önnur hús að vernda.



Frelsisstytta af Degi

Fyrir 415 milljónir er hægt að láta smíða myndarlega stytta af borgarstjórnunum til að hafa í Engey í anda styttnar í New York. Í höfði styttnar væri við hæfi að opna lúxushótel með örfáum herbergjum.

Aðra hæð á Ráðhúsið

Verkefni borgarinnar hafa þanist út síðan Ráðhúsið var byggt við Tjörnina og Dagur hefur vart haft undan að ráða aðstoðarfólk. Það er kominn tími á aðra hæð, upp í loft eða niður í Tjarnarledjuna. Síðarnefndi kosturinn er kannski táknað.



Hús við Laugavegin

Ólafur F. Magnússon, fyrrverandi borgarstjóri, var hardlega gagnrýndur fyrir að kaupa hús við Laugavegin til að varðveita 19. aldar götumynd. Fyrir 415 milljónir er hægt að kaupa tvö hús.

Breyta Núllinu í Mathöll

Allir elska mathöllir og fyrir 415 milljónir er hægt að henda út pónkinu og spilakössunum og opna mathöll á besta stað í bænum.



Spurning vikunnar

Hvað myndir þú velja sem hinstu máltíð?



„Trúlega myndi ég velja kjöttbollur, hnoðaðar upp úr Ritz-kexi, og chilli-sósu.“

Már Hinriksson



„Ætli það væri ekki KFC.“

Daniel Scheving Pálsson




„Lambalæri.“

Hulda Erlingsdóttir



„Humar.“

María Emilsdóttir



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²



Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökklá


Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is



LJÓSMYNDIR: HANNA



Stoltastur af að hafa

Eyjólfur Kristjánsson, eða Eyfi eins og hann er gjarnan kallaður, var ein skærasta tónlistarstjarna Íslands á níunda og tíunda áratugnum þegar hann lék með Bítlavinafélaginu og söng fyrir Íslands hönd í Eurovision. Hann stendur núna á tímamótum og heldur stórtónleika Háskólabíói. Eyjólfur ræddi við DV um ferilinn, dekur í æsku, frægðina sem fór úr böndunum og gjaldþrotið í kjölfar bankahrunsins.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Ég var að fatta að það eru þrjátíu ár síðan fyrsta sólóplatan kom út og ég varð að halda upp á það með einhverjum hætti," segir tónlistarmaðurinn Eyjólfur Kristjánsson sem heldur stórtónleika í Háskólabíói þann 13. október.

„Ég vildi frekar halda þetta í

Háskólabíói en í Hörpu því að mér finnst betri hljómburður þar. Það skiptir engu máli hvar þú situr því þú sérð alltaf vel og hljóðið fyllir salinn. Ég ákvað að gera þetta svoltið grand fyrst ég var að þessu á annað borð. En ég er auðvitað að farast úr stressi og á kvöldin spái ég í hvað ég sé að kalla yfir mig.“

Á tónleikunum mun Eyfi flytja öll sín helstu lög af ferlinum, bæði sóló- og hljómsveitarferlinum. Sjö manna hljómsveit leikur undir,

bakraddir úr Gospelkór Reykjavíkur og tíu manna strengjasveit taka einnig þátt. Auk þess taka fjölmargir gestasöngvarar lagið með honum, fólk sem hefur fylgt honum lengi, svo sem Stefán Hilmarrsson, Björgvin Halldórsson og Bergþór Pálsson og leynigestir.

„Ég er tónleikamúsikant og hef alltaf verið. Það besta sem ég hef gert á ferlinum er einmitt þær tvær tónleikaplötur sem ég hef gefið út. Mér líður best á sviði.“

Ég kom ekki vel fram við alla og gerði hluti sem ég sá síðar eftir

ekki bugast

Blár og marinn eftir Sigga Sveins

Eyjólfur er alinn upp í Vogahverfinu í Reykjavík og fæddur árið 1961 á heimili sínu í Sigluvogi.

„Ég kom svo hratt að móðir mín komst ekki á fæðingardeildina,“ segir Eyfi og hlær. „Ég fæddist í svefnherbergi foreldra minna.“

Eyjólfur var örverpið í fjölskyldunni, langyngstur af sex börnum hjónanna Kristjáns Björns Þorvaldssonar, stórkaup-

manns og heildsala, og Guðnýjar Eyjólfsdóttur húsmóður. Fjárhagslega hafði fjölskyldan það ákaflega gott.

„Ég var náttúrulega hræðilegur krakki,“ segir Eyjólfur. „Algjör dekurrofa og örverpi. Það fer reyndar tvennum sögum af mér sem krakka. Annars vegar að ég hafi verið frekur og leiðinlegur og hins vegar að ég hafi verið frjór og skemmtilegur, enda hneigðist ég mjög snemma til tónlistar. Ég

var látinn spila á píanó í partíum þegar ég var aðeins þriggja eða fjögurra ára gamall og gat á einhvern hátt klúðrað saman einhverju lagi. Ég var lengst heima af okkur systkinunum og flutti ekki að heiman fyrr en ég var 24 ára. Þess vegna var ég svolítill mömmustrákur. Hún kenndi mér ýmislegt sem hefur nýst seinna á lífsleiðinni. Við mamma leystum krossgátur saman og ég lærði góða íslensku af henni. Ég

fékk alltaf tíu í einkunn í stafsetningu og þetta hefur nýst mér vel við gerð lagatexta.“

Ekki snerist þó allt um tónlist og Eyjólfur stundaði íþróttir af miklum móð, bæði knattspyrnu og handknattleik með Þrótti. Hann var í marki og segist hafa verið liðtækur, sérstaklega í handknattleik, og æfði með Sigurði Sveinssyni, síðar landsliðskempu. Eyjólfur segir:

„Siggi Sveins bjó á móti mér en var aðeins eldri en ég. Hann dinglaði alltaf bjöllunni heima og fékk mig með sér út í móa þar sem var handboltamark. Þar dúndraði Siggi á markið, andskoti fast auðvitað. Ég hræddist ekki fasta bolta þótt ég kæmi blár og marinn heim eftir æfingar. Ég held að ég hefði endað í landsliðinu hefði ég haldið áfram í markinu.“

Lærði á lífið í Kerlingarfjöllum

Eyfi spilaði boltaíþróttir með Þrótti upp í fjórða eða fimmta flokk en þá fór hann að hafa meiri áhuga á skíðum og átti hann eftir að starfa við skíðakennslu í mörg ár. Eyjólfur starfaði á skíðasvæðinu í Kerlingarfjöllum uppi á hálendi Íslands en þar var rekinn skíðaskóli í um 35 ár. Skólinn í Kerlingarfjöllum var mjög vinsæll, en starfsemin lagðist hins vegar af árið 2000.

„Það er mikil synd að þetta hafi hætt en það gerðist vegna þess að jöklarnir voru að bráðna. Það snjóar ekkert lengur þarna, nema rétt yfir veturinn. Áður fyrr hélt snjóþekjan sér yfir sumar-tímam.“

Hvað varst þú lengi þarna?

„Ég fór þangað fyrst í kringum 1966 með foreldrum mínum. Árið 1974, þegar ég var þrettán ára, fékk ég starf sem lyftustrákur og passaði upp á að fólk kæmist upp með lyftunni ... og kæmi helst ekki niður með henni aftur,“ segir Eyjólfur og hlær. „Sautján ára, árið 1978, byrjaði ég svo að kenna á skíði og gerði það í ellefu eða tólf sumur.“

Hvernig voru þessi ár í Kerlingarfjöllum?

„Alveg frábær. Ég var þarna foreldralaus og það herti mig mikið. Ég gat ekki hlaupið til mömmu og það má segja að ég hafi lært á lífið þarna. Í Kerlingarfjöllum prófaði ég allt sem fólk prófar í fyrsta skipti.“

Eyjólfur segir að kvöldvökurnar og böllin í skíðaskólanum hafi orðið landsþekkt og mörg lög verið samin sérstaklega fyrir þau. Svokölluð Kerlingarfjallalög.

„Átján ára gamall steig ég þarna á svið í fyrsta skiptið og það var svolítið erfitt. Gestirnir voru yfirleitt um 120 talsins, stundum fullorðið fólk en svo vorum við líka með unglínganámsskeið. Þetta tók á til að byrja með en vandist og gekk vel. Ég spilaði þarna svona brekkusöngslög og lét alla syngja með. Sigurður Þórarinnsson samdi líka mikið af textum um Kerlingarfjöll við þekkt lög.“

Fékk ekki að klára flugnámið

Eyjólfur lifði áhyggjulausri æsku framan af og hugsaði lítið um hvað hann vildi verða. Tíu ára gamall var hann sendur í sveit á Þórustaði í Ölfusi og þar lærði hann fyrstu gripin á gítar. Eyjólfur lýsir því eins og box Pandóru hafi verið opnað fyrir sér og að hann reyndist hafa hæfileika til að spila. Eftir að hafa fíkrað sig áfram í fjögur ár ákvað hann að þetta yrði ævistarfið.

Varstu í einhverju bílskúrs-

bandi?

„Ég var í einu bílskúrsbandi sem kallaðist Texas Tríoíð. Við voru þrír, tveir á gítar og einn á kontrabassa, og spiluðum kántríónlist. Við komum fyrst fram á Óðali árið 1980 á viðburði sem kallaðist Stund í stiganum. Það var fyrsta giggið sem ég fékk borgað fyrir. Þetta var fyrir myndbreytingu þannig að ég er orðinn svo gamall að hafa fengið greitt í gömlum krónum,“ segir Eyfi og skellir upp úr.

Eyjólfur gekk í Menntaskólann í Reykjavík en þrátt fyrir að vera sleipur í íslensku þá átti bók-in ekki við hann. Eftir fjögur og hálf ár hætti hann í skólanum og kláraði ekki stúdentsprófið. Hann segir að lítið hafi komist að í lífi hans annað en tónlistin og því innritaðist hann í tónlistarskóla FÍH og lærði á píanó. Það segir hann hafa hjálpað sér mikið við lagasmíðar.

Einn draumur sem ekki varð að veruleika var flugmennska. Eyjólfur segir:

„Þegar ég var í Kerlingarfjöllum komu þangað oft einkaflugmenn, voðalegir gæjar, og ég fékk stundum far með þeim heim í bæinn. Þá vaknaði þessi áhugi á fluginu en hann var fljótt skotinn niður. Ég byrjaði að læra flug, sautján eða átján ára, og keypti mér rándýrt flugtímakort. Þegar ég ætlaði að halda áfram þvertók móðir mín fyrir að pabbi gæfi mér fyrir fleiri tímum. Hún var svo hrædd um mig og hélt að ég myndi drepa mig á þessu. Ég átti ekki sjálfur fyrir fleiri tímum og gat þess vegna ekki haldið áfram.“

Var það svekkjandi?

„Já, það var svekkelsi, því að ég vildi halda áfram. Flugíð átti ágætlega við mig og ég var fljótur að læra. Ég hef nú gripið í stýrið síðan þá og meira að segja flogið þyrlu upp á grínið fyrir sjónvarpsþátt. Oft hef ég spáð í að taka þetta upp aftur og ég gæti alveg flogið einn í dag. En maður hefur um annað að hugsa og er kannski kominn á aldur.“

Sveitaböll hjá Framsókn

Eyjólfur komst fyrst í sviðsljós- ið með hljómsveitinni Bítlavinafélaginu en hún varð til fyrir hálfgerða tilviljun. Jón Ólafsson var að leita að tónlistarmönnum til að spila undir í nemendamóti hjá Verzlunarskólanum og Eyjólfur var einn þeirra sem hann kallaði til. Jón þekkti Eyjólf úr þjóðlagasveitinni Hálf í hvoru sem hann var þá í.

„Við þekktumst ekki neitt. Hann hóaði í Harald Þorsteinsson, bassaleikara úr Brimkló, Rafn Jónsson heitinn úr Grafík, Stefán Hjörleifsson, vin sinn úr Verzlunarskólanum, og mig sem kassagítarleikara. Við hittumst og æfðum sextíslög fyrir nemendamótið en það átti ekki að verða neitt meira úr þessu. Rétt fyrir mótið hringdi Guffi, Guðvarður Gíslason, sem rak Gauk á Stöng og spurði mig hvort ég væri ekki til í að setja saman John Lennon-dagskrá til að flytja á tónleikum. Ég spurði strákana hvort þeir væru til og þeir voru það en okkur vantaði söngvara. Þá ákváðum við að við Jón myndum skipta þessu á milli okkar því að við vorum skástu söngvararnir. Þetta sló svo í gegn og við ákváðum að halda áfram með þetta.“

Skömmu síðar fór Bítlavinafélagið í hljóðver og tók upp frum-samið lag, Þrisvar í viku, og frægðin fylgdi í kjölfarið. Nú var ekkert annað að gera en að gefa meira út og spila á böllum.

„Við áttum ekkert von á því ▶

„Ég hefði getað haldið áfram að borga en vildi það ekki því að þetta var eins og að vera í fangelsi“

að Þrisvar í viku yrði svona vinsælt. Ég var búinn að ráða mig upp í Kerlingarfjöll en gat ekki verið þar nema í örfáar vikur því mér var kippt burt og svo var túrað um landið.“

Hvernig kom það til að þið spiluðuð fyrir Framsóknarflokkinn árið 1987?

„Þetta var einhver hugmynd sem að framkvæmdastjóri flokksins fékk og þetta fékk heitið „Denni og Bítlavinafélagið.“ Steingrímur Hermannsson var kallaður Denni,“ segir Eyjólfur og hlær. „Ég man ekki hvort það voru margir Framsóknarmenn í Bítlavinafélaginu en þetta var tilboð sem við fengum og við slógum til og þetta var fjór. Steingrímur sjálfur var hrikalega skemmtilegur maður. Hann var settur í rúllukragapeysu eins og Bítlarnir og það voru teknar myndir af okkur saman. Það var kosningabarátta í gangi og við spiluðum á sveitaböllum þar sem Framsóknarflokkurinn var með framboðsfundi en auðvitað voru allir velkomnir, ekki bara Framsóknarmenn. Í eitt skiptið kom Denni upp á svið og tók lagið. Steingrímur gat alveg sungið og var oft uppi í Kerlingarfjöllum.“

Eftir þessar miklu vinsældir tók Bítlavinafélagið frí í næstum því heilt ár og Eyjólfur var þá farinn að huga að sólóferli. Árið 1988 var stórt á ferli hans en þá komu út tvær vinsælar plötur, 12 íslensk bítlaög með Bítlavinafélaginu og Dagar með honum sem sólólistamanni. Þetta sama ár var ekki síður viðburðaríkt á ferli annarra meðlima Bítlavinafélagsins því það ár stofnuðu þeir hljómsveitina Sálina hans Jóns míns. „Það var eins og við gætum ekki gert neitt rangt,“ segir Eyfi.

Sér eftir kvennafarinu

Á þessum tíma voru Íslendingar nýbyrjaðir að taka þátt í Eurovision og flestir lagahöfundar sendu inn lög á hverju ári. Eyjólfur lét ekki sitt eftir liggja og sendi inn, bæði í Söngvakeppni Sjónvarpsins og Landslagið, keppni sem Stöð 2 og Bylgjan stóðu fyrir. Mörg af þekktustu lögum Eyjólfur voru framlög í þessar keppnir eins og til dæmis lagið Álf-



heiður Björk sem sigraði í Landslaginu árið 1990. Eyjólfur segist vera mikill keppnismaður en ferillinn hafi þó ekki snúist um þessar keppnir. Þetta var eitthvað sem allir gerðu til að koma sér á framfæri. Árið 1990 hætti Bítlavinafélagið, um sama leyti og frægð Eyjólfur var sem mest.

Hvernig átti frægðin við þig?

„Þetta var skrytið til að byrja með, að eiga lög sem verða vinsæl og vera sífellt í sjónvarpinu. Ég átti mjög erfitt með það þegar stelpur voru farnar að koma upp að mér úti á götu og biðja um eiginhandararit-anir. Ég hef alltaf verið frekar alþýð-

legur maður og var ekki að meðtaka þetta. En þetta steig mér líka til höfuðs og ég fór út af þessum gullna meðalvegi. Ég kom ekki vel fram við alla og gerði hluti sem ég sá síðar eftir.“

Hvernig þá?

„Ég var aldrei fyllibytta eða dópisti eða neitt svolleiðis en ég var allt of mikill kvennabósi og það finnst mér alveg skelfilega leiðinlegt að hugsa um í dag. Þá hélt ég að þetta líf ætti að vera svona.“

Misstir þú tókin?

„Svona hálfpartinn. Það versta við þetta var að maður var að svíkja aðra og það situr enn þá í manni.“

Jón rauk af sviðinu

Eyjólfur á margar minningar frá þessum tíma og kann sögur af skrautlegum uppákomum. Ein sú minnisstæðasta gerðist á balli hjá Bítlavinafélaginu. Hann segir:

„Á fyrstu verslunarmannahelginni sem Bítlavinafélagið spilaði vorum við í Skeljavík á Ströndum. Þá var brunagaddur og hafís í Steingrímsfirðinum. Við urðum að spila í dúnúlpum og gátum varla hreyft fingurna á gítarhálsinum.“

Annað ball hljómsveitarinnar var ekki síður eftirminnilegt.

„Við vorum allir með

kærusturnar með okkur á einu ballinu. Þegar við vorum að flytja eitt lagið taldi Jón sig sjá kærustuna sína vera að kyssa einhvern gæja á dansgólfinu. Hann varð helvíti full en hélt áfram að spila. Þegar lagið var búið gekk hann frá hljómborðinu, rauk út á gólf og óð í parið en þá var þetta allt önnur kona sem svo óheppilega vildi til að var í alveg eins fatnaði og kærasta Jóns. Kærastan hans beið bak við sviðið í rólegheitunum,“ segir Eyjólfur og hlær. „Við hinir horfðum gáttaður á þetta gerast.“

Erum flutt í Faxafen 12

LOWE ALPINE BAKPOKI 18L
14.995 kr.



SALOMON XA ENDURO HERRA OG DÖMU SKÓR
23.995 kr.



PROVIDUS PRIMUS
4.995 kr.





ALPARNIR

Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUBUNNS

SIÓVÁ



VÍS

vörður



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is

 554 2510



NÝ FORD TRANSIT 18 MANNA RÚTA

Með dráttarkrókur og olíu miðstöð
Verð 4,9 +vsk skráð á númer



NÝ BÍLA/TÆKJA/VÖRUFLOTNINGAKERRA MEÐ INNBYGGÐUM SLISKJUM, NIÐURFELLANLEGUM ÁLSKJÓLBORÐUM

Lengd á palli 4,06 mtr breidd 2 metrar burðargeta
2050 kg heildarþingd 2700 kg
Vönduð kerra.
verð 680.000 + vsk skráð á númer



NÝR FORD TRANSIT 4X4 VINNUBÍLL

7 manna 170 hestöfl, dráttarkrókur
4,9 + vask skráður



NÝ BODDÍKERRA

Með einni hurð, nefhjól, löpp aftan.
Boddí lengd 253cm, breidd 130 cm, hæð 148
Verð 490.000 +vsk

UPPLÝSINGAR GEFUR BÓAS EÐVALDSSON - B1.IS - SÍMI 7775007

Hafnaði ávallt tilboðum erlendis frá

Flestir myndu segja að stærsta stund Eyjólfur á ferlinum hafi verið þegar hann og Stefán Hilmarsson fluttu Draum um Nínu í Eurovision í Ítalíu árið 1991. Eyjólfur hefur margoft tekið þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins og er einn af þeim höfundum sem tóku þátt í fyrstu keppninni. Árið 1988 söng hann tvö lög í keppninni sem höfnuðu í öðru og þriðja sæti.

„Árið 1989 flutti Bítlavinafélagið lagið Alpatvist eftir Geirmund Valtýsson í keppninni. Einn mjög góður vinur minn sagði mér fyrir keppnina að ef lagið myndi vinna þá myndi hann afsala sér íslenskum ríkisborgararétti,“ segir Eyfi kíminn.

Vinningslagið, Draumur um Nínu, var fyrsta lagið sem Eyjólfur samdi sérstaklega fyrir keppnina og hafði Stefán í huga sem mót-söngvara. Stefán var nú nokkuð tregur til þar sem hann var kominn á kaf í Sálina hans Jóns míns á þessum tíma en lét til leiðast.

Stefán og Eyfi fluttu lagið í Cinecitta-kvikmyndaverinu þar sem Eurovision-keppnin var haldin. Þar voru spaghettivestrarnir teknir upp á sínum tíma og uppi hengu stórar myndir af Clint Eastwood og leikstjóranum Sergio Leone. Eyjólfur valdi hópinn sjálfur og segist aðeins hafa tekið skemmtilegasta fólkið með sér, það er sem gat haldið lagi, Evu Ásrúnu, Ernu Þórarinsdóttur, Richard Scobie og Jón Ólafsson.

„Á þeim tíma var allt flutt á staðnum en ekki spilað af bandi eins og í dag. Jón fékk það hlutverk að útsetja lagið fyrir áttatíu manna hljómsveit. Þetta voru fýlðir klassískir gæjar sem höfðu ekki gaman af því að spila popp en Jón var eini stjórnandinn sem fékk þá til að brosa. Alltaf þegar hann bauð þeim góðan dag fyrir æfingar þá sagði hann ekki bon giorno heldur þon porno og gömlu karlarnir á fiðlunum skelltu upp úr,“ segir Eyjólfur og brosir breitt.

Varstu stressaður fyrir útsendinguna?

„Nei, ég var ekki stressaður. Við æfðum svo rosalega vel áður við fórum út að við hefðum getað flutt lagið sofandi. Þegar ég horfi á þetta í dag á Youtube sé ég að þetta er algerlega hnökralaus frammistaða, þótt ég segi sjálfur frá.“

Hugsadur þú einhvern tímann um að reyna að „meikaða“ erlendis?

„Nei, aldrei nokkurn tímann. Ég hef fengið mörg tilboð um að syngja á ensku en hef aldrei haft neinn áhuga á því. Mig langar aðeins að vera hér heima á Íslandi.“

Stökkbreytt lán og gjaldþrot

Eyjólfur hefur áður sagt frá fjárhagserfiðleikum í viðtölum og árið 2015 lenti hann í gjaldþroti. Það var vegna húsnæðisláns sem rauk upp úr öllu valdi í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Eyjólfur segir þetta þó ekki hafa verið eins slæmt og margir halda.

„Ég var svo óheppinn að hafa ekki tekið erlent lán fyrir hrúnið, heldur tók ég venjulegt íslenskt verðtryggt lán. Þetta stökkbreyttist í hrúninu og það var alveg sama hvað maður borgaði inn á þetta, það hækkaði stöðugt. Ég hefði getað haldið áfram að borga en vildi það ekki því þetta var eins og að vera í fangelsi. Af því að við konan mín skulduðum engum úti í bæ heldur aðeins bönkunum, sem fóru kollhnís í hrúninu, þá létum við þetta bara gossa. Húsið fór og við byrjuðum upp á nýtt og okkur hefur aldrei liðið betur.“

Varstu reiður út í bankana og stjórnvöld eftir hrúnið?

„Kannski ekki reiður, heldur frekar svolítið argur. Það var ótrúlegt hvað stjórnendur bankanna föllnu létu út úr sér eftir hrúnið og að sjá hrokann í þeim. Eftir að fjöldi margir höfðu misst allar sínar eigur og sumir höfðu svipt sig lífi.“

Mættir þú á mótmæli?

„Nei, það gerði ég aldrei. Ég skrifaði kannski einhverjar færslur á Facebook en stillti mig alltaf og málið er að þessi tíu ár eftir hrúnið hafa líklega verið mín bestu ár. Við ákváðum að hætta borga en við vorum ekki blönk.“

Eyjólfur segir að bankarnir hafi fengið sitt og vel það þrátt fyrir þetta.

„Þetta var 42 milljóna króna lán og við borguðum 12 milljónir inn á það á sex árum. Húsið sem þeir fengu var metið á 60 milljónir. Lánið var komið upp í 70 eða 80 milljónir þegar við ákváðum þetta og þegar gjaldþrotið varð var skuldin komin upp í 114 milljónir. Þetta var tómt rugl og lítið annað að gera en að hlæja að þessu,“ segir Eyjólfur.

Tannhvíttun og nýtt lag

Eyfi hefur vakið nokkra athygli undanfarið fyrir nýtt starf sitt við tannhvíttun. Eiginkona hans, Sandra Lárusdóttir, rekur vinsæla meðferðarstofu í Kópavogi sem ber nafnið Heilsa og útlit. Hún hafði verið með það í maganum að bæta tannhvíttun í flórúna en vantaði starfsmann og spurði Eyjólf hvort hann vildi taka það að sér.

„Mér fannst þetta svolítið fríuð hugmynd en ákvað að slá til. Þetta sýnir hversu lífið er síbreytilegt og skemmtilegt. Ég fór til

„Ég held að ég hefði endað í landsliðinu ef ég hefði haldið áfram í markinu“

Englands og lærði þessi fræði og útskrifaðist með diplóma sem tannhvíttunarfræðingur,“ segir Eyjólfur glaður í bragði. „Síðan þá hef ég starfað við þetta og líkar vel. Það er nóg að gera í þessum bransa.“

Er þetta einhvers konar æði hjá landanum?

„Ég veit það ekki en fólk vill hafa bjartara bros og það er ekkert að því. Við erum ekki með sterk efni og það er ekkert hættulegt við þetta. Í náminu var lögð mikil áhersla á hreinlæti og þess vegna klæðist ég hvítum slopp við þetta. Ég er samt enginn tannlæknir,“ segir Eyjólfur kátur.



Verða tónleikarnir í Háskólabíói kveðjutónleikar?

„Alls ekki. Langflestir tónleikarnir sem ég kem fram á eru í óauglýstum einkasamkvæmum og ég kem sjaldnast fram þar sem hver sem er getur mætt. Ég er meira að segja að senda frá mér nýtt lag sem kemur út á næstu dögum á safnplötu og þarf að rjúka núna beint í hljóðver til að

taka upp.“

Hverju ertu stoltastur af?

„Að ná fótfestu í lífinu og bugast ekki. Það er ýmislegt sem ég hefði viljað getað gert öðruvísi ef ég fengi að lifa aftur upp á nýtt. Þessi tími þegar frægðin var hvað mest hefði alveg getað farið með mig en gerði það ekki og ég er stoltur af því.“

Næsti kafli hefst hér

GIMLI
FASTEIGNASALA



LAXATUNGA 40, 270 MOSFELLSBÆ
54.900.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi

Raðhús
203 M²
6

gimli.is / grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / 570 4800 / gimli@gimli.is

**BOLTINN Í BEINNI
Á CASTELLO**

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333
WWW.CASTELLO.IS



Veitingar og rómantík

7. september 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



SKORRAHESTAR:

Gisting og hestaferðir í rómantískri sveitakýrrö

Skorraastaður 4 er í Norðfirði, rétt fyrir innan Neskaupstað. Þar er rekin samhlíða gisting og hestaleiga en margir gestir staðarins nýta sér hvort tveggja. Hestaleigan er opin til 15. október og hugsanlega lengur ef vel viðrar, en gistingin er í boði í allan vetur. Mörgum þykir gott að komast í kýrröina að Skorrastað sem er nokkuð vel fyrir utan þéttbýli og náttúrufegurð er mikil.

„Við erum með gistingu fyrir 19 manns á gistiheimilinu hérna, í alls sex herbergjum. Við erum með eitt sex manna herbergi með kojum, það er eitt fjögurra manna fjölskylduherbergi með tvöföldu rúmi og tveimur kojum. Síðan eru þrjú tveggja manna herbergi sem henta til dæmis hjónum eða pörum, og eitt þriggja manna herbergi þar sem geta gist þrír aðskildir aðilar eða hjón með barn. Hverju herbergi fylgir síðan baðherbergi og sturta,“ segir Sunna Júlía Þórðardóttir hjá Skorrahestum.

Morgunverðarhlaðborð er innifalið í gistingunni en það er líka hægt að fá hádegisverð og kvöldverð en helst þarf að panta það með góðum fyrirvara. Margir gestir kjósa hins vegar líka að fara á veitingastaði í Neskaupstað.

„Það hefur viðrað fráberlega hérna í sumar og góða veðrið heldur áfram inn í haustið,“ segir Sunna en eftir að hestaleigunni er lokað síðar í haust geta gestir fengið að kynna fjárbúskapnum á staðnum. „Frá og með 15. október erum



við með kindurnar á húsi. Þá býðst fólki í gistingu að koma í fjárhúsið og gefa. Faðir minn; Þórður, þekkir féð eins og lófana á sér og hefur gaman af að segja frá ættum kindanna,“ segir Sunna.

Nánari upplýsingar og pantanir eru í síma 477-1736. Sjá einnig vefsíðuna skorraestar.is.





O'LEARYS Í SMÁRALIND:

Huggulegt eins og í stofunni heima

Pegar sest er niður á veitingastaðnum O'Learys í Smáralind þá líður manni ekki eins og maður sé staddur í verslunarmiðstöð heldur notalegri stofu. Innréttingar eru afar smekklegar og hlýlegar. Fyrirmyndin er veitingastaðir í Boston en þaðan er O'Learys-keðjan upprunnin.

„Boston er mikil íþróttaborg sem státar af afrekum í til dæmis körfubolta og hafnarbolta og veitingastaðirnir bera þess merki. Auk þess er mikil áhersla lögð á að taka vel á móti fjölskyldum. Áherslan í matargerðinni er síðan á hefðbundinn amerískan mat, hamborgara, svínaríf, kjúklingavængi og steikur,“ segir Laurence Kellermann, svæðisstjóri fyrir O'Learys í Evrópu. Við hittum Laurence og Elís Árnason, eiganda staðarins á Íslandi.

Andrúmsloftið í rúmgóðum veitingasalnum er afskaplega þægilegt og það er gott að eiga hér gæðastund. Alls eru 32 flatskjáir á veggjunum með alls konar efni, bæði íþróttum og öðru sjónvarpsefni, en hljóðstýring er svæðisbundin og hljóð berst ekki á milli svæða eða ónáðar þá sem hafa ekki áhuga á sjónvarpsdagskránni. Veggina pryða einnig fjölmargar myndir sem ýmist tengjast íþróttum eða sögu Bostonborgar.

Á staðnum eru einnig stórskemmtileg leiktæki sem höfða til bæði barna og fullorðinna og henta því fjölskyldufólki vel. Raunar höfðar O'Learys til margs konar hópa því þarna er gott að tylla sér niður með fartölvu og vinna enda gott þráðlaust net og innstungur úti um allt. Einnig er gott fundarborð sem hentar vel fyrir smærri vinnufundi.

Ferskir hamborgarar

Hamborgararnir hjá O'Learys eru ferskir 170 gramma borgarar sem koma frá Norðlenska. Góð blanda kjöts og fitu gerir þá einstaklega safaríka. Við prófuðum hamborgara sem var afskaplega ljúffengur, ferskur og safaríkur.

Kjúklingavængir O'Learys, sem eru sérframliddir fyrir keðjuna og að Boston-sið, eru hreint lostæti og ekki spillti fyrir gráðaostasósa sem gott er að dýfa þeim í.

Við fengum okkur líka djúpsteiktan, íslenskan þorski í orly með kaldri tartar-sósu. Afbragðsgóður matur.



Hlaðborð og kótelettur

Hlaðborð er í hádeginu alla miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga. Á miðvikudögum eru lambakótelettur sem eru vægast sagt vinsælar og til að toppa vinnuvikuna þá er tilvalið að skella sér á naut og bearnaise hlaðborðið sem er alla föstudaga. Eins og áður segir er vel gert við fjölskyldur og á sunnudögum kemur blöðrulistamaður og þá fá allir krakkar fría blöðru milli kl. 17 og 20.w

Biótíloðin eru síðan alveg einstök, sunnudaga til fimmtudaga er hægt að fá máltíð og biómiða í Smárabíó á flottu verði. Alveg kjörið að tvinna saman bióferð og málsverð á O'Learys.



Laurence (t.v.) og Elís



Sugarbearhair®

SUGARBEARHAIR:

Vítamín-bangsarnir sem elska hárið þitt og eru í uppáhaldi hjá stjórnunum

Gúmmibangsar á sælgætisbörum eru, með fullri virðingu, nokkuð gagnslaus fyrirbæri. Bragðast mörgum vel en eru ekki hollir. Um hárvítamínbangsana frá SugarBearHair gildir hins vegar allt annað: Þeir bragðast eins og góðir hlaupbangsar en jafnframt örva þeir hárvöxt og gljáa hársins, en minnka slit og fækka brotnum endum. SugarBearHair henta öllum hárgerðum en taka skal inn tvo bangsa á dag. Mælt er með 3–6 mánaða skammti ef þess er óskað að hárið sikki en flestir sjá strax mikinn mun á fyrsta mánuðinum. Ef hárið skortir ekki vítamín sést árangur fyrr en ella.

SugarBearHair-bangsarnir eru settir saman úr vísindalega prófuðum efnum og þeir eru framleiddir í verksmiðjum í Bandaríkjunum eftir stöðlum bandaríska lyfja- og matvælaeftirlitsins. Aðeins er notast við bestu fánlegu innihaldsefni sem tryggja að varan er örugg og hún virkar.

Helstu innihaldsefni: Virku innihaldsefni í jurtavítamíninu eru A-, C-, D- og E-vítamín, B6-vítamín, fólínsýra, B12-vítamín, biotin, pantótensýra, jóð, sink, kólín og inositol. Þessi efni valda því að heilbriggt hár tekur að vaxa inni í líkamanum. Hlaupbangsarnir eru síðan framleiddir úr náttúrulegum berjabragðefnum.

Þessir hárvænu bláu gúmmibangsar hafa slegið rækilega í gegn um allan heim og njóta mikilla vinsælda hjá frægu fólki á borð við Kim Kardashian, Kylie Jenner og Courtney-systrum sem hrósa þeim óspart á samfélagsmiðlum.

Það er fyrirtækið Regalo sem flytur inn SugarBearHair. Friða Rut Heimisdóttir, eigandi Reglao, segir reglulega vítamíninntöku vera nauðsynlega fyrir fallegt og heilbriggt hár: „Bangsarnir eru svo bragðgóðir að þú hlakkar til að taka þá inn. Auk þess lykta þeir vel og innihalda bara heilsusamleg efni. Ef hárið skortir engin vítamín þá sérðu árangur fyrr,” segir Friða.

Útsöluastaðir SugarBearHair-bangsanna eru fjölmargir og yfirlit yfir þá er á vefsíðunni regalo.is.



SUGARBEARHAIR RESULTS

OCT 18TH

NOV 18TH

DEC 19TH



WWW.SUGARBEARHAIR.COM



BAN KÚNN ER GÍFURLEGA VINSÆLL:

„Íslendingar eru sólgirnir í góðan taílenskan mat“

Hér hefur verið mikið að gera frá fyrsta degi og fólk hefur tekið okkur ennþá betur en ég gerði mér vonir um. Fyrst var um að ræða fólk úr hverfinu en svo fór þetta að berast og núna kemur hingað fólks alls staðar að. Við fáum meira að segja pantanir frá erlendum ferðaskrifstofum,” segir Svavar G. Jónsson hjá Ban Kúnn sem staðsettur er að Tjarnarvöllum 15 í Hafnarfirði.

Staðurinn var opnaður í janúar árið 2014. Meðeigandi Svavars er taílenskur eiginmaður hans, Natthawat Voramool. „Hér er alltaf mikið um að vera í hádeginu enda hverfið líflegt. Hér er stórt iðnaðarsvæði en einnig skrifstofuhúsnæði og Þjóðminjasafnið er flutt hingað við hliðina og það er hótél í götunni,” segir Svavar.

Sérstakt hádegis- og kvöldverðartilboð er afar vinsælt hjá gestum staðarins. Sex réttir eru á borðinu og má velja þrjá rétti á diskinn. Skipt er um rétti daglega þannig að það er alltaf eitthvað nýtt. Í hádeginu kostar þetta 1.750 kr. en á kvöldin 1.990 kr. sem hlýtur að teljast afar hagstætt verð fyrir svo góðan mat.

Ekta taílenskur matur – eins og staðurinn væri í Taílandi

„Við erum auk þess með 25 rétti á matseðli. Fyrir utan það eru síðan ótal margir sértailenskir réttir sem við getum eldað. Fólk getur því komið hingað og sagt okkur frá uppáhalds taílenska réttinum sínum og við eldum hann,” segir Svavar. Að hans sögn er Pad Thai vinsælasti rétturinn á matseðlinum. „Hann inniheldur hrisgrjónanúðlur, grænmeti, kjöt eða rækjur, og síðan er það leyndarmálið sem allir alvöru taílenskir veitingastaðir verða að hafa – en það er sósan,” segir Svavar. Sósan í réttinum þykir einstök, uppskriftin kemur frá langömmu eiginmannsins, Natthawat, en fjölskylda hans hefur

stundað veitingarekstur á Taílandi mann fram af manni.

Að sögn Svavars er það útbreiddur ósiður á taílenskum veitingastöðum á Vesturlöndum að staðfæra réttina og setja eitthvað í þá sem á ekki heima í þeim. Á Ban Kúnn er hins vegar lögð áhersla á að hafa réttina upprunalega, nákvæmlega eins og ef staðurinn væri í Taílandi.

Þess má einnig geta að Ban Kúnn býður upp á margskonar grænmetisrétti og Vegan-rétti, t.d. er hægt að fá Pad Thai vegan.

Ban Kúnn er opinn virka daga frá kl. 11 til 21 og um helgar (og á frídögum) frá kl. 17 til 21. Svavar segir að vinsældir staðarins kalli eftir að opnað sé fyrr um helgar en hann þurfi að gæta þess að starfsfólkið fái næga hvíld.

„Margir hafa líka kallað eftir fleiri Ban Kúnn-stöðum, í þetta hverfið eða hitt, en ég segi alltaf nei. Við ætlum að vera hér og bjóða áfram góðan mat og persónulega þjónustu. Ban Kúnn þýðir líka „heima hjá þér“ og hér viljum við að fólk hafi það notalegt og því líði eins og það sé heima hjá sér,” segir Svavar.

Sjá nánar á Facebook-síðunni Ban Kúnn.



REYKJAVÍK MEAT:

Loksins steikarstaður í finni kantinum



Okkur fannst vanta steikarstað í finni kantinum í Reykjavík og ólíkt mörgum steikhúsum bjóðum við líka upp á aðra rétti en kjöt, til dæmis nokkra fiskrétti og svo grænmetis- og veganrétti,” segir Almar Yngvi Garðarsson sem opnaði veitingastaðinn Reykjavík Meat að Frakkastíg 8b á fimmtudagskvöldið ásamt félögum sínum, þeim Stefáni Magnússyni, Hönnu Kristínu Eyjólfsdóttur og Guðmundi Víði Víðissyni.

Með þessum stað gefst fólki tækifæri til að fara mjög fint út að borða á viðráðanlegu verði. „Nautakjöt er áberandi á matseðlinum og kemur það víðs vegar að. Við erum til dæmis einn fyrsti staðurinn hér á landi til að bjóða upp á hið verðlaunaða sashi-nautakjöt sem hefur mikinn gæðastimpil. Fyrir utan nautakjöt erum við síðan til dæmis með túnfisk, lax, þorsk og lambakjöt á aðalréttaseðlinum og svo erum við með margs konar forrétti,” segir Almar.

„Við höfum verið að prófa okkur áfram með fjölskyldu og vinum en núna er allt klárt og staðurinn hefur verið formlega opnaður. Sérstakt opnunartilboð verður í gildi um helgina og verður hægt að fá 3ja rétta máltíð og kokteil á 6.990 kr. Það er nauta-carpaccio í forrétt, nautalund í aðalrétt og stökkt súkkulaði í eftirrétt.“

Staðurinn er fremur stór og tekur 96 manns í sæti. Vinbúrið er fyrirferðarmikið og er hjarta staðarins. Gott úrval er af finum vínunum á viðráðanlegu verðu og starfsfólkið er faglaert svo allir geta fengið sér það vín sem passar best við matinn.

Til að byrja með er kvöldopnun en eftir nokkrar vikur verður staðurinn líka opinn í hádeginu. Opnið er virka daga frá 17.30 til 23 en eldhúsinu er lokað þá kl. 22. Um helgar verður opið frá 17.30 til 01 og eldhúsinu er lokað þá kl. 23.

Borðapantanir eru í síma 557-7665 og á netfanginu rvkmeat@rvkmeat.is. Sjá nánar á Facebook-síðunni RVK Meat og vefsíðunni rvkmeat.is.



Rauða serían eignast fjölmargar nýja lesendur með raf- og hljóðbókum


Aratugum saman hafa landsmenn átt góðar stundir með bókunum úr Rauðu seríunni sem seldar eru í kiljum viðs vegar um landið. Sögurnar eru í senn spennandi, rómantískar og dálítið erótískar. Rósa Vestfjörð Guðmundsdóttir stofnaði útgáfuna árið 1985 og ekkert lát er á starfsemi núna 30 árum síðar.

Ásútgáfan er í takt við tímann og núna eru bækurnar í Rauðu seríunni komnar í rafbækur og hljóðbækur. „Þarna er kominn stór nýr lesenda- og hlustendahópur. Þetta er frábært fyrir þá sem eiga erfitt með að nálgast kiljurnar eða vilja lesa bækur í símanum sínum, iPadinum eða t.d. hlusta á ferðalögum,“ segir Rósa.

Vefsíðan er ein af stærstu rafbókabúðum á Íslandi. Þar er hægt að velja úr 637 titlum og 27 hljóðbókum. Í hverjum mánuði koma inn 6 nýir titlar af rafbókum en hljóðbækurnar koma óreglulega. Nýlega bættist ný hljóðbók við safnið. Rafbækurnar eru mjög góðar fyrir þá sem sjá illa eða eiga erfitt með að lesa bækurnar.

Óhætt er að segja að landsmenn hafa tekið bókunum í þessum nýju formum vel og hefur Rósa átt margar ánægjustundir við að miðla þeim til lesenda:

„Mér fannst mjög skemmtilegt þegar 15 ára drengur hringdi í mig og skráði ömmu sína í áskrift hjá mér



að rafbókunum. Hann var að kenna ömmu sinni á iPadinn og hvernig hún gæti lesið rafbækurnar. Ég sendi henni rafbækurnar ópakkaðar í tölvupósti. Fjölskyldan hafði ákveðið

að gefa ömmu iPad í jólagjöf því hún hafði alltaf lesið bækurnar mínar en sá ekki lengur til að lesa þær.

Ég er með 10 manns sem ég sendi rafbækurnar þannig, sex titla hverjum, eða óþjappaðar sem Word-skjöl. Þá þurfa þeir bara að opna póstin og geta lesið beint, þurfa ekki að hala bókunum niður af netinu.

Fyrir nokkrum árum datt mér í

hug að bjóða kaupendum að rafbókum að kaupa Ódýra netpakkann eins og hægt er að kaupa í búðum. Hann sló strax í gegn en hann er með 10% afslætti ef keyptir eru allir sex titlarnir saman í pakka á netinu.”

Á Facebook-síðunni Rauða serían getur fólk sent inn skilaboð og þar birtast tilkynningar þegar nýjar raf- eða hljóðbækur koma á netið.

Vefsíða útgáfunnar er asutgafan.is.

Detox-heilsufrí í Póllandi og á Íslandi

Detox-heilsufrí eru fyrirbyggjandi heilsudagar þar sem hvíld, fræðsla, hreyfing, mataræði og gleði eru í öndvegi. „Það er ekki í boði að gefast upp gegn lífsstílssjúkdómum,“ segir Jónína Ben, sem hefur boðið upp á heilsumedferðina síðan árið 2003.

Þúsundir Íslendinga hafa farið í þessa heilsumedferð og gert hana að lífsstíl sínum og mæta á hverju ári. Fólk finnur að meðferðin virkar, fólk sem lætur ekki úrtöluraddir villja sér sýn á nýjum leiðum til bættrar heilsu.

„Fólk getur valið um meðferðarúrræði og við mælum getu hvers og eins til þess að nýta sér kenningar pólska læknisins sem unnið hefur við þessi úrræði í tugi ára,“ segir Jónína og bendir á að engir tveir séu eins.

Afeitrun eða detox hefur náð síauknum vinsældum víða um heim, það að fasta á ávöxtum og grænmeti gerir að verkum að líkaminn leitar jafnvægis eða núllstillir sig. Flestir upplifa nýja orku og nýja líðan. Margir losna við verki og komast í betra form.

„Við vinnum með læknum og öðrum sérfræðingum en fyrst og fremst miðlum við af þekkingu og reynslu og látum matinn vera lyfin okkar enda er góður matur lækningandi.“

Boðið er upp á meðferðirnar í Póllandi, en flogið er til Gdansk með beinu flugi wizzair.com. Árið 2019 mun einnig verða boðið upp á með-

ferðirnar á Íslandi.

Nánari upplýsingar má fá í síma 822-4844, á netföngunum anna.detoxiceland@gmail.com og joninaben@joninaben.is. Einnig má finna upplýsingar á Facebook: Detox Jónína Ben.



LANDNÁMSSETRIÐ:

Hollustuhlaðborð og sívinsælar sýningar á Söguloftinu



Landnámssetrið í Borgarnesi verður sífellt vinsælla með hverju árinu og þar næra gestir bæði líkama og sál. Veitingastaðurinn í Landnámssetrinu hefur slegið í gegn, ekki síst með sínu ferska og ljúffenga hádegishlaðborði sem er á mjög hagstæðu verði. Veitingastaðurinn er fjölskylduvænn og notalegur og er opinn alla daga frá kl. 10 til 21. Hollustuhlaðborðið er alla daga frá 11.30–15.00. Á hlaðborðinu eru fjölbreyttir grænmetisréttir, salöt, heit súpa og ilmandi nýbakað brauð. Borgnesingar eru nú orðnir fastagestir á staðnum í hádegismat og fjölmargir aðrir sækja þangað líka.

Í setrinu eru tvær sögusýningar sem veita einstaka innsýn í fortíð þjóðarinnar á afar lifandi hátt með áhrifamiklum myndverkum. Á Egilssögusýningunni eru gestir leiddir í gegnum nokkurs konar vöundarhús inn í ævintýraheim sögunnar.

Landnámssýningin byggir á þeim einstöku heimildum um upphaf Íslandsbyggðar sem er að finna í Íslendingabók og Landnámu. Bækurnar voru skrifaðar á 12. öld, sennilega báðar af Ara fróða. Það eru ekki margar þjóðir sem eiga svo nákvæmar skrifaðar heimildir um uppruna sinn aðeins um 200 árum eftir að atburðirnir áttu sér stað. Efni sýningarinnar byggir á þessum heimildum en einn ábyrgð er tekin á sannleiksgildi þeirra. Með lýsingu og lifandi myndum er leitast við að skapa spennandi andrúmsloft, auk þess sem þar er að finna fágætt líkan af Íslandsfari eftir Gunnar Marel Eggertsson.

Dagskráin á Söguloftinu er nú að fara í fullan gang með haustinu. Frá árinu 2006 hafa á milli 20 og 30 rithöfundar troðið þar upp með einhvers konar sýningar. Í kringum mánaðamótin september/október verður Vilborg Davíðsdóttir með fjórar auka-sýningar á hinna vinsælu dagskrá sinni um Auði djúpuðgu.

Einar Kárason heldur jafnframt áfram með Grettissögu sína og Finnur Torfi Hjörleifsson verður með dagskrá byggða á eigin verkum þann 8. nóvember. Snemma í desember verða KK og

Ellan síðan með jólatónleika.

Nánari upplýsingar um alla viðburði á Söguloftinu og miðasala á þá er á vefsíðunni landnam.is.

Fallegar gjafavörur

Í Landnámssetrinu er rekin verslun með fallegri og vandaðri gjafavöru. „Þessar vörur eru ekkert endilega fyrir útlendinga heldur henta þær prýðilega sem gjafir handa Íslendingum líka. Við leggjum áherslu á íslenska hönnun og erum líka með afurðir handverksfólks úr héraðinu,“ segir Sigríður Margrét.

Góður vettvangur fyrir hópa

Í Landnámssetrinu er hægt að bjóða upp á alls kyns afþreyingu fyrir fyrirtæki og hópa og staðurinn hentar prýðilega fyrir ráðstefnur, árshátíðir og hópefli. Fundaraðstaða á fallegu pakkhúslófti er fyrir allt að 80 manns en fyrir allt að 30 manns ef þátttakendur sitja við borð. Vinsælt er að fara í ratleiki úti við í nágrenni Landnámssetursins. Ratleikurinn er í snjallsímum og hægt að aðlaga þrautir og spurningar hópnum.

Ítarlegar og fróðlegar upplýsingar um þjónustu og dagskrá Landnámssetursins er að finna á vefsíðunni landnam.is. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 437-1600 og fyrirspurnir má einnig senda á netfangið landnam@landnam.is.





KÍNAHOFIÐ:

Ferskur kínverskur matur eins og hann gerist bestur

Kinahofið er til húsa að Nýbýla-vegi 20 og hefur verið starfandi í 35 ár. Eigendaskipti urðu á þessum gróna stað fyrir sjö árum og núverandi eigandi heitir Karen Lien Nguyen. Fyrir tæpum tveimur árum voru allar innréttingar og eldhús staðarins endurnýjað og er hann ákaflega hlýlegur, fallegur og frísklegur í dag.

Kínverskur matur er vinsæll meðal Vesturlandabúa og eru Íslendingar þar engin undantekning. Það sem gerir Kinahofið svo rómaðan og vinsælan stað er að þar er ávallt eldað úr fersku hráefni sem berst daglega á staðinn. Hér fær fólk kínverskan mat eins og hann gerist ferskastur og bestur. Þá spillir ekki fyrir að maturinn er léttur í maga og fer vel í fólk.

Kinahofið tekur um 80 manns í sæti. Hádegishlaðborðið, sem er í boði alla virka daga frá 11 til 14, er mjög vinsælt, ekki síst meðal fólks sem vinnur í nágrenninu. Hádegishlaðborðið kostar 2.100 kr. en hægt er að velja um mjög marga gómsæta rétti.

Á kvöldin eru borðin dúkuð, fólk velur sér rétti af matseðli, gefur sér yfirleitt miklu lengri tíma til að njóta matarins í þessu fallega og þægilega umhverfi.

Viðskiptavinahópur Kinahofsins er mjög fjölbreyttur, Íslendingar eru í meirihluta en erlendir ferðamenn sækja staðinn líka talsvert, bæði einstaklingar og hópar.

Kinahofið er opið virka daga frá 11 til 22 og um helgar frá 16 til 22. Um helgar er vinsælt að taka matinn með heim en ávallt eru þó fleiri sem kjósa að snæða á staðnum. Um helgar er æskilegt að panta borð fyrirfram og er það gert í síma 554-5022.

Sjá nánar á vefsíðunni kinahofid.is og á Facebook-síðunni Kinahofið.



Purrhreinsunaraðferð teppa sem hentar vel á teppi á skrifstofum og hótélum ásamt verslunarrýmum

Fljótleg hreinsun með litlum hávaða,
stuttum þurrktíma og ótrúlegum árangri



**Hreinsun
einnig...**
Húsgögn og
rúmdýnur,
mottur, steinteppi
og stigahús



Notum eingöngu umhverfisvæn efni

**SKUFUR**

Vesturvör 22
Sími: 663 0553
www.skufur.is

Frábærir réttir se

Óhætt er að fullyrða að framboð á mat í íslenskum verslunum og veitingahúsum hafi tekið stakkaskiptum á undanförunum áratugum. Alls konar hráefni og réttir frá framandi slóðum fást núna hérlendis sem hefur gert að verkum að víðsýni íslenskra matgæðinga eykst jafnt og þétt. Það jafnast þó ekkert á við það að skella sér í ferðalag til útlanda og fá smjörþefinn af matarmenningu annarra landa. Hér eru nokkrar tillögur, í engri sérstakri röð, af réttum ýmissa þjóða sem nauðsynlegt er að prófa í upprunalandinu, eða löndunum, á lífsleiðinni. Hversu marga rétti hefur þú smakkað?



Moules-Frites, Belgía

Annar réttur þar sem franskar kartöflur leika lykilhlutverk en þessi er ögn fágaðri! Um er að ræða kræklinga sem eru bornir fram með frönskum. Skelfiskurinn er matreiddur á margs konar hátt en klassíska aðferðin inniheldur hvítvín, smjör, skallotlauk og steinselju.



Poutine, Kanada

Sennilega subbulegasti rétturinn á listanum en mögulega sá ljúffengasti. Í stuttu máli er um að ræða skammt af frönskum og gúmmikennum ostabitum og helling af brúnni kryddaðri sósu. Rétturinn er upprunninn í Quebec-héraði í Kanada og var hafður að háði og spotti um árabíl. Hann hefur þó fest sig í sessi jafnt og þétt og er núna feikivinsæll um allt landið. Ekki dæma fyrr en þú hafir smakkað.




Nasi Lemak, Malasía

Þjóðarréttur Malasíu. Um er að ræða sterkan hrísgrjónarétt sem er borðaður í öll mál eystra. Hrísgjónin eru soðinn upp úr kryddaðri kókosmjólk og ofan á þau er sett sterkt chili-mauk úr margskonar hráefnum.



Sumartilboð Sægreifans

Humarsúpa, brauð & ískaldur gull á 2.000 kr



Sægreifinn
geirsgötu 8 / s. 553 1500



Borscht, Úkraína/Rússland

Einkennisréttur slavneskra fátæklinga og vinsæll réttur í Austur-Evrópu og víðar. Súpan er oftast borðuð köld, þó að heitar útgáfur þekkist einnig. Aðalhráefnið er rauðrófur sem gefur súpunni þann sterka lit sem hún er þekkt fyrir.

Þú verður prófa



Fondú, Sviss

Það er sérstök stemning sem fylgir því að gæða sér á fondú í góðum félagsskap. Þrátt fyrir að margar útgáfur hafi orðið til í árunna rás þá er sú klassíska mjög einföld. Ostur bræddur í potti ásamt víni og síðan er brauðbitum eða kartöflum dyft ofan í dýrdina.



Paella, Spánn

Margir halda því fram að paella sé þjóðarréttur Spánar enda vinsæll réttur um gjörvallt landið. Rétturinn er þó upprunninn í Valencia-héraði. Í grunninn er um að ræða einfaldan hrísgrjónarétt með mildu kryddi en hann kemur í fjölmörgum útgáfum, meðal annars með fiskmeti, kjötmeti, grænmeti eða hreinlega öllu saman.



Adobo, Filippseyjar

Óopinber þjóðarréttur Filippseyja. Að sjálfsögðu eru til margs konar útgáfur en í flestum tilvikum er um að ræða kjöt eða sjávarfang sem er marinerað og síðan steikt upp úr ljúffengu soði sem samanstendur af ediki, sojasósu, hvítlauk og svörtum pipar. Varist eftirlíkingar.



Ceviche, Perú

Rétturinn er afar vinsæll víða í Suður-Ameríku en er álitinn þjóðarréttur Perúmanna. Saga réttarins nær um 2.000 ár aftur í tímann. Í grunninn er um að ræða hráan fisk sem er látinn eldast í köldum sítrónusafa.




Hummus, Mið-Austurlönd

Fyrst er minnst á kjúklingabaunamaukið frá egypskum matreiðslubókum frá þrettándu öld. Þetta er afar vinsæll réttur um öll Mið-Austurlönd og það verður enginn svikinn af því að prófa þennan rétt, einan og sér eða með ljúffengu pitabraudi.



Bunny Chow, Suður-Afríka

Mörgum sögum fer af uppruna réttarins en indverskir innflytjendur eiga óumdeilanlega heiðurinn. Rétturinn er feikivinsæll á götuhornum suðurafrikskra borga. Um er að ræða brauðhleifa sem fylltir eru með margs konar gerðum af bragðmiklum karríkássum.



Þú setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Þú sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Þú koma þú um upp á sérvalin handnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt önduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Þú veins það besta fyrir þig.

Eva og Álfheiður skelltu sér í heimsreisnu með tvö ung börn

■ Sögðu upp í vinnunni og leigðu út íbúðina ■ Heimkoman ræðst af fjárhagnum

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Það er gríðarlega vinna að ferðast á framandi slóðir með ung börn en við njótum hvernar einustu stundar í botn og förum á okkar hraða," segir Eva Dögg Jafetsdóttir. Hún og eiginkona hennar, Álfheiður Björk Sæberg Heimisdóttir, eru staddir á ferðalagi í Japan þessa dagana. Þær kalla sig Worldtravelmoms (Heimsreisumömmurnar) og bera svo sannarlega nafn með réttu því í sumar sögðu þær upp störfum sínum og flugu á vit ævintýrana með börnum sínum tveimur, Sindra og Söru, sem eru fjögurra og tveggja ára gömul. „Við vorum búnar að ganga með þennan draum í maganum lengi og ákváðum að kýla á það áður en Sindri byrjaði í barnaskóla," segir Eva Dögg. Að hennar sögn hefur ferðin verið frábær hingað til en einnig koma stundir sem reyna verulega á.

Ferðin hófst í lok júní í sumar og gæti staðið í allt að ár. „Við sögðum upp í vinnunni, leigðum út íbúðina og lögðum af stað. Við keyptum bara miða eina leið og höfum því ekki ákveðið hvenær við komum heim eða hvert ferðinni er nákvæmlega heitið. Það fer eftir okkur, krökkunum og fjárhagnum," segir Eva Dögg.

Jólin fyrirhuguð á Balí

Fyrsti áfangastaður var Taíland en

Sara bregður á leik með taílenskum börnum.



margir staðir sem vert er að heimsækja. Það skemmir ekki heldur fyrir að Asía er frekar ódýr heimsálfa og því langaði okkur að eyða drjúgum tíma þar," segir Eva Dögg.

Þangað höfðu Eva og Álfheiður farið í brúðkaupsferð árið 2011. „Við elskuðum landið, matinn og menninguna og vildum því gjarnan skoða landið nánar. Okkur fannst líka þægilegt að hefja ferðina á stað sem við höfðum reynslu af, sérstaklega þar sem við erum með ung börn með okkur. Þegar við fórum að skoða fleiri áfangastaði í Asíu þá urðum við sífellt spenntari enda ótrúlega

gripið skemmtileg tækifæri," segir Eva Dögg. Fram undan er svo heimsókn til Filippseyja, Singapore, Kambódíu og Indónesíu. „Við vorum síðan búnar að ákveða að eyða júlunum og áramótunum á Balí. Það er enn á dagskrá en við fylgjumst vel með stöðunni varðandi náttúruhamfarirnar sem riðu yfir á dögnum."



Fjölskyldan á góðri stund.

Eva Dögg og Álfheiður elska að ferðast um á hjóli en því miður er erfitt að leigja hjól með barnasætum á þeim slóðum sem þær hafa ferðast um. Þegar það er hægt þá er um mikinn sigur að ræða.



Hvað tekur við eftir áramótin er óráðið og segjast Eva og Álfheiður ætla njóta þess að hafa dagskrána sveigjanlega. Álfheiður fór sem skiptinemi til Argentínu á árum áður og því er það á stefnuskránni að heimsækja fjölskylduna sem hún dvaldi hjá á sínum tíma. Fyrir utan að njóta alls þess sem áfangastaðirnir hafa upp á að bjóða fyrir ferðamenn hafa Eva og Álfheiður lagt ríka áherslu á að heimsækja leikskóla og ýmis dagvistunarúrræði fyrir börn í hverju landi fyrir sig. „Við erum báðar menntaðir þroskaþjálfar og höfum mikla reynslu af því að vinna með börnum. Okkur fannst því spennandi að fá innsýn í mismunandi kennsluhverfi. Okkur finnst jafnframt spennandi að kynna börnunum okkar mismunandi aðstæður annarra og leyfa þeim að umgangast önnur börn í gegnum leik. Við förum líka markvisst á leiksvæði og leikvelli í þeim tilgangi að gefa börnunum félagslega útrás með jafnöldrum og kynna fjölmeninguna fyrir þeim," segir Eva Dögg.

öll og yndisleg samvera. Þau koma okkur stanslaust á óvart en auðvitað er dagamunur á okkur öllum og þá lærum við bara að vinna með það. Það er ótrúlegt hvað þau þurfa að þola mikið áreiti frá fólkinu hérna úti. Það er stanslaust verið að snerta þau, klípa, stara og taka þau upp svo ekki sé talað um endalausar myndatökur en auðvitað allt gert með góðum huga. Þau hafa verið ótrúlega umburðarlynd og viljum en það hafa vissulega komið stundir þar sem þeirra þölmörkum er misboðið og þau draga sig til baka. Með hverjum deginum eflast þau og læra að njóta og við nýtum hvert tækifæri til lærdóms því það er ótrúleg lífsreynsla að halda svona út í heim í allt aðra menningu og venjur," segir Eva Dögg.

Eitt af því sem stungið hefur í augun er ógrynni af rusli á víðavangi. Það fer sérstaklega fyrir brjóstið á hinum fjögurra ára gamla Sindra. „Þetta hefur skapad miklar umræður og eftirtekt hjá okkur öllum. Við tókum því ákvörðun sem fjölskylda að við viljum leggja okkar af mörkum. Við getum að sjálfsögðu ekki breytt heiminum en við getum gert eitthvað. Þess vegna ákváðum við að vera alltaf með poka í töskunni og tínun rusl reglulega. Gaman að segja frá því að þegar við vorum í Hue-Vietnam að tína í einn ruslapokann þá rölti einn heimamaður til okkar með eigin poka og byrjaði að tína með okkur," segir Eva Dögg.

Hægt er að fylgjast með ferðalagi fjölskyldunnar á Snapchat og öðrum samfélagsmiðlum eins og Instagram, Facebook og sérstakri blogg síðu þeirra. Notendanafnið er *worldtravelmoms*.



GRUNDFOS

Straumhvörf í neysluvatnsdælum



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýstingi og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeyrsluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Draghális 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

IOI
ÍSLEIFUR
JÓNSSON

HÁRTÆKJADAGAR Í BYGGT OG BÚIÐ:

Allt að helmingssafsláttur af hártækjum

Núna standa Hártækjadagar yfir í Byggt og Búið, Kringlunni, og er 20 til 50% afsláttur af öllum hártækjum. Hjá Byggt og Búið er mikið úrval af hártækjum frá gæðamerkjum á borð við Babyliss, Philips, Vidal-Sassoon, Revlon, OHB Nordica og Toni&Guy.

Í boði eru yfir 100 gerðir af mismunandi hártækjum, frá hárlásurum og sléttujárnnum yfir í rakvélar og skeggsnyrta: Sléttujárn, bylgjujárn, hárlippur, krullujárn, nefhárarnyrta, blásarar, hitaburstar, rakvélar, keilujárn, hitarúllur, hársnyrtar og margt fleira.

Meðal nýjunga er nýi hárlásarinn frá Revlon sem er talinn vera 60% fljótari að blása hárið en hefðbundnir blásarar.

Hárlásarann má bæði nota í venjulegri stillingu og í 360° stillingu sem opnar hann að ofan og neðan svo blása má hárlokka báðum

megin á sama tíma. Þá er hann notaður á svipaðan hátt og sléttu- eða krullujárn að því leyti að hver lokkur fær sérmeðferð sem gefur nákvæmari og fljótlegri blástur. Einstaklega auðvelt er að snúa hausnum á blásaranum til þess að velja um venjulega stillingu eða 360° umlykjandi blástur.

Úrval fyrir herra er ekki síðra en fyrir dömur. Má þar nefna Philips-rakvélar og skeggsnyrta fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

Hártækjadagar eru tilvalið tækifæri til þess að taka forskot á komandi gjafakaup enda eru hártækivinsæl og góð gjöf.

Sjáðu glæsilegt úrval hártækja á frábæru verði á heimasíðunni byggtogbuid.is. Vörurnar er hægt að kaupa af heimasíðunni eða koma í verslunina í Kringlunni, gera frábær kaup þar og fá ráðgjöf í leiðinni.



byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS



ÁHÆTTAN SEM BORGARÐI SIG

■ Brian Muir er einn sá eftirsóttasti í sínu fagi í Hollywood ■ Tók áhættu og komst í sögubækurnar

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Ég hafði ekki minnstu hugmynd um að Svarthöfði yrði svona frægur. Ég hafði aðeins látið mig dreyma um að eitthvað sem ég væri að hanna myndi á endanum tilheyra þekktasta illmenni allra tíma,“ segir breski myndhöggvarinn Brian Muir í samtali við DV, en hann er einn sá eftirsóttasti í bransanum í sínu fagi og bjó meðal annars til búning Svarthöfða úr Stjörnustríðsmyndunum eftir teikningum myndlistarmannsins Ralph McQuarrie. Þess að auki bjó hann til búninga stormsveitarmannanna og kom einnig að gerð vélmennsins C-3PO.

Brian hefur hannað og handgert ýmsa muni fyrir Harry Potter, Indiana Jones, Krull, Alien, Litlu hryllingsbúðina, fimm James Bond-myndir og töluvert fleiri þekktar myndir úr kvikmynda-sögunni. Myndhöggvarinn kemur til Íslands á næstu dögum og verður viðstaddur á ráðstefnunni Midgard 2018 í Laugardalshöll, hátíð sem hefur verið lýst sem íslenska svarinu við hinu stórfæga „Comic-Con“ fyrirbæri. Um er að ræða fyrstu hátíð þessarar tegundar á Íslandi og verður hún haldin dagana 15. og 16. september. Á ráðstefnunni verður klukkutíma langt spjall og geta aðdáendur fengið að heyra ýmsar sögur frá einum feðra Svarthöfða.

Verkefnið sem fáir trúðu á

„Ég var í fastri vinnu á þessum árum og ég tók þá ákvörðun að segja henni upp þegar ég fékk þetta tilboð,“ segir Brian og vísar til þess tíma þegar hann var 24 ára gamall og tók að sér vinnu sem upphaflega átti að taka sex vikur.

Ég hafði ekki minnstu hugmynd um að Svarthöfði yrði svona frægur

„Það fylgdi þessu auðvitað mikil spennu og óvissa en ákvörðunin reyndist síðan vera rétt vegna þess að ég endaði á því að vinna að myndinni í fjóra mánuði og ótalmargar dyr opnuðust. Í dag er erfitt að horfa aftur á það með eftirsjá þegar þessi vinna kom mér inn í kvikmyndaíðnaðinn.“

Brian segir það hafa verið gríðarlega áhættu á sínum tíma þegar hann þáði vinnuna við upprunalegu Star Wars-myndina. Vitað er að fáir í framleiðsluteyminu höfðu trú á verkefninu og þótti mörgum efniviðurinn kjánalegur og úreltur, sem olli mikilli streitu hjá höfundni myndabálksins. Kvikmyndagerðarmaðurinn George Lucas þurfti að synda á móti straumnum og áttu jafnvel leikararnir Carrie Fisher og Harrison Ford von á algjörum skelli.

Neikvæðu raddirnar hljóðn-



uðu á fyrstu aðsóknarhelginni. Myndin sló öll aðsóknarmet og tóku áhorfendur lokaútkomunni vægast sagt fagnandi. Star Wars ávann sér strax sess sem eitthvað mun stærra en hefðbundin kvikmynd, mun frekar eins konar fyrirbæri í dægurmenningu sem átti sér engan líka. Sú staða myndabálksins hefur lítið breyst tæpum fjórum áratugum seinna.

Da Vinci-áhrifin

Brian hefur nú unnið að hátt í 70



stórmyndum og segist hafa fengið þann heiður á sínum tíma með að gerast fyrsti „lærings-myndhöggvarinn“ í kvikmyndaíðnaðinum. Að sögn Brians er hann ekki lengi að koma auga á eftirlíkingar og segir hann smáatriðin liggja meðal annars í nefinu á Svarthöfða. Í andliti grímunnar er lítil stubbur að innanverðu þar sem þumall Brians smellpassar.

„Ég notaði þumalinn til þess að búa til lag nefinsins á Svarthöfða. Í upprunalegri hönnun hans var aldrei talað um að hann væri með nef, þannig að þetta snerist í raun um að láta mótið og skúlptúrinn virka sem best,“ segir Brian.

„Það eru margir Svarthöfðahjálmar til sem eru skuggalega líkir upprunalegri hönnun. Muninn má einnig gjarnan sjá í mótuninni og efninu, en ég sé alltaf strax þegar einhver notast við mína hönnun. Annars hefur líka verið gaman að sjá mismunandi tegundir hjálma sem eru allt öðruvísi en þeir sem ég hannaði.“

Aðspurður hvort hann hafi verið aðdáandi vísindaskáldskapar eða fantasíusagna á yngri árum segir Brian nei. „Það breyttist eftir að Star Wars varð að svo stórum hluta lífs míns,“ segir hann. „En hvað sköpunarferlið og það allt varðar sótti ég alltaf meiri innblástur í eldgömlu snillingana, þá til dæmis Leonardo Da Vinci og Michaelangelo. Það voru listamennirnir sem ég leit upp til þegar ég byrjaði í þessu fagi og geri enn.“

Fullkomna fríð

Árið 2009 gaf Brian út ævisögu um feril sinn frá upphafi til ársins

1987. Bókin ber heitið In the Shadow of Vader og rekur söguna af því hvernig er að vera höggmyndasmíður í vestrænni kvikmyndagerð. Bækurnar eru að sögn Brians uppfullar af skrautlegum baksviðssögum og úr bransanum og stendur til að ræða nokkrar þeirra á ráðstefnunni.

„Aðdáendur tóku svo vel í bókina að ég ákvað að klára söguna og gefa út „framhaldið“, Beyond the Shadow, árið 2015 en hún tekur upp þráðinn þar sem frá var horfið og leyfir lesendum að kynna því hvernig afgangurinn á ferlinum hefur þróast,“ segir Brian.

Til stendur hjá Brian að láta vel um sig fara á Íslandi á komandi dögum en þetta verður önnur heimsókn hans til Íslands. „Við konan mín heimsóttum Ísland fyrst fyrir þremur árum og kolféllum fyrir því. Við eignuðumst marga góða vini í gegnum sameiginlegan áhuga á Star Wars og þeir tryggðu að á tveggja vikna dvöl okkar á tryggði sæjum við sem mest af Íslandi.“

Í miðju ferðalagi sínu stóðst Brian ekki þá freistingu að keyra Gullna hringinn, kíkja á svartar stendur Reynisfjöru og Jökulsárlónið svo eitthvað sé nefnt. „Það sem í rauninni heillaði mig mest var fjölbreyntin sem svona lítið land bauð upp á. Þessar skoðunarferðir í bland við hlýjar móttökur frá öllum sem við hittum gerðu dvölinu að hinu fullkomna frí,“ segir Brian.

„Við frúin hétum því að snúa aftur til Íslands og ég er þakklátur fyrir að Midgard-hátíðin hafi gefið mér ástæðu til þess.“ ■

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

Til hamingju
með afmælið

VERTU PIKKUÞUPP!

Rusl í Reykjavík

5 ára



Af gjörgæslu í félagsskap illmenna

Áralangur draumur Jóhanns varð að veruleika

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Alheimssamtökunum 501st Legion koma saman gallharðir aðdáendur Stjörnustríðs og spóka sig í búningum sem eru nákvæmar eftirlíkingar þeirra sem sjást í kvikmyndunum. Aftur á móti gengur þessi tiltekna hersveit sérstaklega út á að halda upp á liðsheild og teymi hinna sígildu skúrka sem tilheyra þessum ævintýraheimi. Hvers vegna? Einfaldlega vegna þess að vondu karlarnir eru yfirleitt svalari.

Jóhann Waage, grafískur hönnuður og starfsmaður hjá Fréttablaðinu, tekur fyllilega undir þessa fullyrðingu og segir langþráðan draum sinn hafa orðið að veruleika; að gerast meðlimur þessarar hersveitar og leyfa nördahjartanu að njóta sín til fulls. Upphafid var hins vegar erfið lífsreynsla sem tæmdi hugann og opnaði margar dyr.

„Þessa ákvörðun tók ég þegar ég var á gjörgæslu. Ég var nýbúinn í heilaaðgerð eftir að hafa fengið bæði heilablóðfall og blóðtappa. Ég lá með símann, hafði ekkert að gera og fjóra auða veggj í kringum mig. Þá áttaði ég mig á því að þetta væri raunsær draumur til þess að eltast við,“ segir Jóhann.

„Ég var búinn að hugsa þetta lengi og mig langaði alltaf til þess að verða hluti af 501st Legion en hafði aldrei látið verða af því fyrir en þá.“

Ælupestin sem aldrei varð

Jóhann er fjölskyldumaður, þriggja barna faðir og í góðri vinnu þar sem hefur ríkt mikið álag. Þetta álag reyndist þó aldrei vera Jóhanni ofviða fyrr en áhrif þess á líkamann fóru að segja til sín með krafti og óbærilegum sársauka.

„Ég fann aldrei fyrir miklu stressi sjálfur, en lækarnir sögðu



Næsti búningur Jóhanns verður svonefndur Snowtrooper, sem Jóhann segir að eigi eftir að svinvirka þegar kemur að íslenska snjónum.



að ég hefði verið með bullandi háan blóðþrýsting í mörg ár. Ég fann ekkert fyrir því,“ segir hann.

„Kannski hafði þetta álag verið að gerjast í mér í mörg ár. Svo sat ég heima 1. nóvember í fyrra og fann fyrir tilfinningu eins og ég hefði verið skotinn af færi með riffli. Þetta var verstí sársauki sem ég hef fundið á ævi minni. Sársaukinn fór alveg niður hausinn og hálsinn herptist allur saman.“

Þegar Jóhann og eiginkona hans hringdu á sjúkrahúsi komu sjúkraliðar en afskrifuðu verkinn sem einfalda ælupest áður en þeir héldu aftur sína leið. „Skömmu eftir þetta lá ég heima með gríðarlegar höf-



Hersveitir frá öllum heimshornum sameinast á hinum alþjóðlega Star Wars-degi, þann fjórða maí.

Með of stóran haus

501st Legion var fyrst stofnuð í Bandaríkjunum árið 1997, á tuttugu ára afmæli upprunalegu Stjörnustríðsmyndarinnar. Stofnandi íslenska félagsins er Hilmir Kolbeinsson og hefur félagið lagt mikið upp úr góðri samveru, með það að markmiði að meðlimum líði vel í eigin skinni og ekki síður að gleðja börnin. Félagið hefur heim-sótt Barnaspítalann og tekið þátt í ýmsum viðburðum og skrúðgöngum.

Ef færri en 25 einstaklingar eru í 501. hersveitinni kallast félagið Outpost, eða varðarstöð. Ef fleiri eru komnir í teymið er deildin orðin að Garrison (e. virki), en Jóhanni þykir ekki líklegt að hópurnir nái að stækka svo mikið á komandi árum. Þó megi alltaf vona.

„Ég kom mér í samband við Hilmir og sagði honum að mig langaði að vera með og fá mér búning,“ segir Jóhann. „Þetta gengur þannig fyrir sig ef þú ætlar að ganga til liðs við deildina. Þá byrjarðu á því að kynna og ræða við þá sem eru í sveitinni fyrir. Ég þekkti nokkra frá fyrri tíð. Þeir voru bara þrír í deildinni á tímabili, svo urðu þeir fjórir og ég kom inn sá fimmti. Bráðum verðum við sex og vonumst til þess að það fjölgi enn frekar í hópnum.“

Þegar maður er kominn inn getur maður reynt að átta sig á hvaða búningur maður vill hafa. Ég er svonefndur „Gunner“ eða stórskotaliði,“ segir Jóhann. „Ég fór þá í Gunner-grúppur. Þá kynnist maður heilu samfélagi úti í heimi þar sem menn aðstoða mann í að koma sér upp. Í svona grúppum eru einnig hönnuðir og búningasmíðir. Það er rosalegt ferli að setja saman búningana og fá þá alla, en það er einnig spennandi.“

Góður mórall hjá vondu körlunum

Það eru strangar kröfur gerðar til þeirra sem vilja gerast hluti af hersveitinni, til að mynda er ekki hægt að kaupa hvaða Star Wars-búningur sem er úr búð. Búningurinn þarf að vera samþykktur af félaginu sem fer eftir ákveðnum gæða- og samsetningarkröfum.

„Minn draumabúningur var alltaf Keisaravörður fyrir Palpatine, en svo komst ég að því að ég er með of stóran haus fyrir þann hjálm. Ég ákvað í staðinn að taka „Gunnerinn,“ því mér fannst hann svo skemmtilega öðruvísi og ég vissi að hjálmurinn væri nógu víður á höfuðið.“

Síðan þá hefur Jóhann pantað



Jóhann í gervi stórskotamanns á Helstírinnu.

sér fleiri búninga og segir hann að áhugamálið kosti vissulega sitt, en sé ávallt þess virði. „Félagið snýst um alls konar hluti. Þú ert hluti af góðri heild, allir vilja hjálpast að, vináttan er mikil og það myndast skemmtileg fjölskyldutengsl í þessu.“

Jóhann verður staddur með félagum hersveitarinnar á ráðstefnunni Midgard 2018 en þar verður liðsheildin með bás til að spjalla við hópa og sýna bestu hliðar sínar. Jóhann er gríðarlega spenntur fyrir ráðstefnunni og segist mikið hlakka til þess að taka í spaðann á Brian Muir, manninum sem bjó til búningana fyrir meðal annars Svarthöfða og stormsveitarmennina.

Hugmyndafræðin og sköpunargleðin

„Ég er búinn að vera Star Wars-aðdáandi síðan ég var smákrakki og sá The Empire Strikes Back í gamla bíóinu í Borgarnesi.“

Jóhann segist hafa ýmislegt að setja út á nýjar kvikmyndir seríunnar en hefur undanfarið tekið sjálfstæðu sögunum – á borð við Rogue One og Solo – meira fagnandi, enda er heimurinn þar stækkaður og meira gert úr möguleikunum en að endurvinnna aðrar formúlur. En Jóhann er sammála blaðamanni um það að Star Wars-fyrirbærið sjálft er miklu stærra og snýst um svo mikið meira en hægt er að meta í gæðum hverrar kvikmyndar.

„Það er eitthvað við hugmyndafræðina, þennan óendanlega heim og möguleika sem þetta fyrirbæri býður upp á, sem talar svo til mín. Hvort sem það er líf á öðrum hnöttum, ævintýraþráin, hugmyndaflugid, þetta er allt saman í Star Wars. Það er líka dýrmætt að upplifa þennan heim í gegnum börnin mín og fylgjast með þeim límast við hann, eins og maður sjálfur gerði. En síðan má heldur ekki horfa framhjá því að vondu karlarnir eru alltaf í flottustu búningunum,“ segir Jóhann. „Jú, Jedi-riddarnir eru flottir en illmennirnir eru einfaldlega svo töff.“

WIZAR

HVÍLDARSTÓLL

TAU
ÁKLÆÐI



Verð: 199.900 - **Tilboð: 159.920**

LEÐUR
ÁKLÆÐI



Verð: 239.900 - **Tilboð: 191.920**



20%
AFSLÁTTUR

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



CHEMICAL GUYS Á ÍSLANDI

Ótrúlegt úrval af hágæða bón- og
hreinsivörum fyrir bíla



classicdetail.is

SAKAMÁL



11. júní, 1981, myrkti Japaninn Issei Sagawa hollenskan námsmann, Renée Hartevelt. Renée var bekkjarsystir Issei í Sorbonne-háskólanum í París. Issei hafði boðið Renée til kvöldverðar og hún hafði þekkt boðið. Ekki grunaði hana að hún sjálf væri á matsæðlinum. Issei skaut Renée til bana og hófst síðan handa við matseld. Áður hafði hann þó misnotað líkið kynferðislega. Issei var úrskurðaður geðveikur og var vístaður á geðsjúkrahúsi. Í ágúst 1986 skráði hann sig sjálfur út af stofnuninni og hefur verið frjálsmaður síðan.

VARKÁRI VÁ

■ Yvan Keller var snyrtimennskan uppmáluð ■ Engin verksummerki var að sjá á

Aldraðar, einstæðar konur voru fórnarlömb Frakkans Yvans Keller. Í húmi nætur lét hann til skarar skríða og þá helst þegar rigndi. Þegar hann hafði fundið inngönguleið í hús kvennanna hófst hann handa, hægt og hljótt.

Yfirleitt nýtti hann sér opnanlega glugga og aldrei beitti hann ruddalegum aðferðum á borð við að brjóta rúður eða þvinga upp glugga eða hurðir. Yvan hreinlega skrúfaði lausa gluggarammana og gerði það svo fagmannlega, að ekki var á sjá eina einustu rispu eða annað sem bent gæti til innbrots.

Kæfðar í svefni

Eftir að inn var komið lá leið Yvans að svefnherberginu. Hann hafði unnið heimavinnu sína og vissi sem var að öldruð kona var eini íbúi hússins. Hljóðlaust fór Yvan inn í svefnherbergið, tók þar púða eða teppi og lagði yfir vit gömlu konunnar, sem svaf svefni hinna réttlátu, og kæfði hana.

Að þessu loknu hófst hann



Rue Basse Þrjár aldraðar konur voru myrtar heima hjá sér við þessa götu.

handa við að finna fjármuni í íbúðinni.

Lagaði til eftir sig

Kerfisbundið fór Yvan yfir íbúðina og var enginn staður undanskil-

inn, hvort sem það var í kjallara eða á háalofti. Þegar hann taldi sig hafa komist yfir allt það fé sem væri að finna fór hann aftur inn í svefnherbergi.

Þar lagaði hann til, slétti sængina

„Við þurfum að skoða dauða allra kvenna yfir 70 ára aldri, síðastliðin 15 ár.“

NÝTT FRÁ VILKO & PRIMA

Hvítlauksolía & Chilisulta

Vilko prima



og gekk úr skugga um að hvergi væri að sjá krumpu eða brot sem vakið gæti grunsemdir um glæp. Hann fór út sömu leið og hann kom inn, skildi þar við allt eins og hann kom að því. Hann jafnvel strauk af glugganum áður en hann hvarf út í nóttina með ránsfeng sinn.

Þrjú fórnarlömb við sömu götu

Þegar komið var að konunni látinni í rúmi sínu var það úrskurður læknis að hún hefði látist af eðlilegum orsökum, ekki léki nokkur vafi á því.

Yvan fór í það minnsta inn í átta hús með fyrrgreindum hætti og sömu afleiðingum. Í öll skiptin varð niðurstaða læknis á sama veg. Merkilegt nokk þá voru þrjú fórnarlömb Yvans konur sem bjuggu í innan við 100 metra fjarlægð hver frá annarri, við sömu götu í þorpi sem aðeins taldi 1.000 íbúa.

Hvað sem niðurstöðu læknis leið varðandi dánarorsök þá vakti það undrun ættingja kvennanna að ekkert fé væri að finna á heimilum þeirra.

Yvan handtekinn

Umrædd þrjú morð voru framin árið 1994 í Alsace í Frakklandi og

þá áttu eftir að líða tólf ár áður en upp komst um Yvan og ljósi varpað á illvirki hans.

Þannig var mál með vexti að Yvan hafði verið svonefndur nýaldarferðalangur og samferðamenn hans fengu veður af því sem hann aðhafðist í skjóli nætur. Í september árið 2006 höfðu þeir samband við lögregluna og Yvan var handtekinn í borginni Mulhouse í Austur-Frakklandi. Þar viðurkenndi hann að hann væri hljóðlát morðinginn.

Grunaður um tugi morða

Sagðist Yvan vera innbrotsþjófur að atvinnu og að hann hefði myrt átta konur, sem hann mundi eftir. Lögreglan vildi reyndar bendla hann við ívið fleiri morð, um það bil 30 talsins, sem framin höfðu verið í Alsace í Frakklandi, Sviss og Þýskalandi.

Til þess kom þó ekki, einfaldlega vegna þess að 26. september, fjórum dögum eftir að hann var handtekinn, hengdi Yvan sig í fangaklefa sínum. Við sjálfsvígð notaði hann skóreimar. Áður hafði Yvan þó lýst fyrir lögreglunni aðferðum sínum við innbrotin og með hvaða hætti hann hafði sent fórnarlömb sín yfir móðuna miklu.



3 dagar liðu frá því að Veronica Paz myrti fyrrverandi kærasta sinn, Diego Armando Gonzalez, þar til hún var handtekin. Þann 10. nóvember, 2003, lokkaði Veronica Diego á afskekkt byggingarsvæði með fyrirheitum um kynlíf. Þegar Veronica og Diego voru að kela í bílnum kom vinur Veronica, Brandon Dante Perry, aðvífandi, dró Diego út úr bílnum og skaut hann tvisvar í andlitið. Ástæða morðsins var afbrýðisemi Veronica og reiði vegna sambands Diegos við aðrar konur eftir að sambandi þeirra lauk. Veronica og Brandon fengu bæði þunga dóma.



YVAN KELLER

Í vettvangi glæpa hans ■ Lögregla fékk fjölda ábendinga



Dómhúsið í Mulhouse Síðasti viðkomustaður Yvans Keller.



Gekk snyrtilega frá þegar Yvan Keller var búinn að athafna sig var engin verksummerki að sjá.

„Það væri engu líkara en Yvan ætti í sérstöku sambandi við dómsvaldið.“

Fyrsti fangelsisdómurinn

Yvan Keller hafði fyrst fengið smjörþefinn af fangelsi árið 1984 þegar hann fékk tíu ára dóm fyrir vopnað rán. Eftir sjö ára afplánun gat Yvan um frjálst höfuð strokið en nokkuð ljóst að betrun hans var takmörkuð.

Einn ferðafélaga Yvans úr nýaldarkreðsunnni hafði tvisvar samband við lögregluna og vakti máls á þeim grunsemdum sínum að Yvan léti sér ekki nægja að ræna fórnarlömbin. Sá hafði verið undir stýri á flóttabíl tvisvar eða þrisvar sinnum og hafði staðið í þeirri meiningu að um einföld innbrot hefði verið að ræða.

Árangurslausar ábendingar

Umræddur vinur hafði fyrst haft samband við lögregluna árið 1993. Lögreglumáðurinn sem tók við ábendingunni sendi hana rétta boðleið en ekkert gerðist. Árið 2000 hafði vinurinn aftur samband við lögregluna en ekkert kom út úr því. Síðar hafði vinurinn

á orði að „það væri engu líkara en Yvan ætti í sérstöku sambandi við dómsvaldið.“

Í júní 2003 fékk lögreglan enn eina ábendingu um vafasaman starfa Yvans. Sá sem þá hafði samband við lögregluna var bróðir Yvans og sagðist gruna að Yvan hefði framið nokkur morð á innbrotaferli sínum. Sú tilkynning leiddi ekki til neins.

Óupplýst morð

Sem fyrr segir taldi lögreglan að Yvan kynni að hafa átt hlut að máli í fjölda annarra óupplýstra morða. Eftir að hann hengdi sig í varðhaldi sagði háttsettur rannsóknarlögreglumáður: „Við stöndum nú frammi fyrir ótrúlega mikilli vinnu, af fordæmalausri stærðargráðu. Við þurfum að skoða dauða allra kvenna yfir 70 ára aldri, síðastliðin 15 ár og komast að raun um hvort dauða þeirra bar að með eðlilegum hætti eða hvort þær voru myrtar.“ ■

Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarólía
Íslensk framleiðsla


60


120/180

220 ml

„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“

Helgarkrossgátan



							→	↓	fóðrað	beljuna	fuglar	
							grastorfa					
							varmi					
							spendýr					
							innyfli					
		1	planta		fum							
krassgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bómmóð	farvegur	reglu-bróður	varðandi	þvalar	kögur pirruð						
↙	↓					↖						
3						fyrirhöfn						
skrugga					málmur	röðull fengur						
gripdeild				oka friður		2 eins						
gargar		8				feyskju						
						yfirhöfnina						
		áttum	gruna 2 eins			súld						
						kvendýr ömurlegt						
verkfæri				líkams-hlutann	nudduð hremmir							
						stöðugt						
4												
lagðurinn					líkams-hlutinn	tré						
dýrahljóð				les múlinn		númer drykkur						
↘						dýrahljóð						
vatnsfall		2 eins púka			skryðast spandera							
						6						
heppnast						2 eins						
						andvari						
						ísinn						
sturla				hrylli kaup		viður mjög						
reipin		10				lituð fuglar						
		verma	ryk	7	komast	lama						
hviðurnar												
						vistarveru						
						rösk						
						2						
		romsa strákapör				afлага utan						
						9						
svar				nibba		húraði						
hljómföllin						5						
						happ						

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Sudoku

Auðveld

7	8	1		2				4
4				7	1		6	
3				4			7	
	6		4				9	2
		5		8			3	1
1	4				7			
			3	6	4			9
2							1	3
								8

Erfið


	7		9		1	5		
	2				4	6		1
				8	3	7		
		4	6	1				
			5		7			6
					9	2		5
			1					
1		6		2				8
	5	3						9

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...
Guðmundur Guðbrandsson
Safamýri 13
108 Rvk.
Lausnarorðið var **KERTALOGI**.
Guðmundur hlýtur að launum bókina Undraherbergið



Í verðlaun fyrir rétta lausn á gátu helgarblaðsins er bókin **Synðaflóð**

Höfundur: Kristina Ohlsson
Malcolm Benke finnst myrtur í hægindastól fyrir framan arininn á heimili sínu í Stokkhólmi. Á litlafingri er hann með giftingarhring látinnar dóttur sinnar. Hvers vegna í ósköpunum?
Í öðru hverfi situr miðaldra útfarastjóri og hefur áhyggjur af bróður sínum sem virðist vera horfinn. Og einhvers staðar er örvæntingarfull kona innilokuð með börnum sínum og eiginmanni sem færast sífellt nær brjálseminni ...
Fredrika Bergman og Alex Recht átta sig á að öll þessi mál tengjast og einhvers staðar leynast gamlar myndir sem leita upp á yfirborðið. En hver er það sem vill fullnægja réttlætinu á svo grimmilegan hátt? Og hvaða réttlæti?
Synðaflóð, sjötta bók Kristínu Ohlsson um lögreglumennina Bergman og Recht, er æsispennandi saga um duldar misgjördir, sekt og hefnd.
Nanna B. Þórsdóttir þýddi.


HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Tímarvélín



Ráðskona

Ungur rikur barnlaus maður í Norðurlandi óskar eftir ráðskonu. Uppl. í Báranni (bakhúsinu).

Gamla auglýsingin

Vísir 3. september 1918



Líðhlaupi á austurvígstöðvum

Djass var bannaður í þriðja ríki Hitlers og aðeins sextán ára var Hasso handtekinn af leynilög-reglunni Gestapo og yfirheyrdur fyrir landráð fyrir það eitt að hlusta á tónlistina. Árið 1941 var hann leiddur fyrir rétt og dæmdur til vistar í Neuengamme-þrælkunar-búðunum í útjaðri Hamborgar.

Stríðsbrólt þjóðverja krafðist mannafla og því var Hasso sendur á austurvígstöðvarnar til að berjast við Sovétmenn. Einn daginn, þegar herdeild hans var stödd við borgina Odessu við Svartahaf, gerðist hann líðhlaupi og flúði vestur. Hasso komst hins vegar ekki lengra en til Rúmeníu þar sem hann var handtekinn af lögreglunni og í kjölfarið færður þýska hernum á ný. Þá var hann leiddur fyrir herrétt og dæmdur til dauða en faðir hans bjargaði honum úr snörunni.

Út stríðið hélt Hasso áfram að flýja herþjónustu og alls þurfti faðir hans að bjarga honum í fjörgang úr gálganum. Árið 1944 munaði aðeins örfáum mínútum að Hasso yrði tekinn af lífi í Vínarborg.

Óvinur Austur-Þýskalands númer eitt

Eftir stríðið innritaðist Hasso í læknanám en samfara náminu kom hann upp smyglhring á milli Vestur- og Austur-Þýskalands. Hasso flutti mat, áfengi, tóbak, skrifstofuvörur, ýmiss konar þýfi og flóttamenn á milli austurs og vesturs árin 1950 til 1954 og hagnaðist vel. Þá var hann loks handsamaður, blessunarlega fyrir hann, í vesturhlutanum, og fékk eins árs fangelsisdóm fyrir. Smyglhringur Hasso fór ekki fram hjá austurþýskum yfirvöldum og var gerð um hann heimildamynd þar í landi þar sem honum var lýst sem óvini landsins númer eitt.

Refsivistin reyndist ekki vera betrunarvist því að eftir að Hasso var laus úr fangelsi flutti hann til Berlínar og hélt áfram að smygla.

ÓTRÚLEG ÆVI ÍSLANDSVINARINS HASSO

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Á sinni ævi var hann dæmdur til dauða af nasistum í fjörgang, stýrði smyglhring í Austur-Þýskalandi og varð einn ríkasti maður Evrópu á því að leigja bíla á Mallorca.

Bjargað í bakarofni

Hasso Schutzendorf fæddist í borginni Dusseldorf árið 1924 en ólst upp í hafnarborginni Hamborg. Ævintýri Hasso hófust strax í móðurkviði en móðir hans

reyndi að enda þungunina með því að stökkva af húsgögnum. Hún vildi alls ekki eiga hann. Hasso var aðeins nokkurra mánaða gamall þegar móðir hans skildi hann eftir úti á svölum í frosti en faðir hans, Eugen, bjargaði honum að sögn með því að setja hann í bakarofn. Þetta var ekki í síðasta skipti sem Eugen bjargaði Hasso.

Eugen og fjórir bræður Hasso sungu saman í hljómsveit og tón-

list var allt í öllu í fjölskyldulífinu. Þegar nasistar komust til valda starfaði Eugen fyrir öryggismálastofnun þriðja ríkisins í Berlín.

Sjálfur hafði Hasso mikinn áhuga á djasstónlist og sem ungur maður vildi hann ekki gera neitt annað en að hlusta á djass og stunda partí. Allra síst fara í stríð og hugðist flýja til Svíþjóðar þegar seinni heimstyrjöldin braust út. En landið var lokað og Hasso komst ekki burt.

Bílaleigan Hasso hefur verið starfrækt á Íslandi í yfir tvo áratugi og ber hún nafn stofnandans þýska, Hasso Schutzendorf, sem lifði ævintýralífi svo vægt sé til orða tekið. Hasso, sem lést árið 2003, var kallaður „Konungur Mallorca“ og var mikill Íslandsvinur.

TUDOR

ALLAR GERÐIR
RAFGEYMA

Mikið úrval -
Traust og fagleg þjónusta

Bíldshöfða 12
577 1515 / skorri.is

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Leðurblaka dafnaði vel á Hvoli í Mýrdal



Þann 9. október árið 1943 var brotið blað í sögu íslenskrar náttúru þegar lifandi leðurblaka fannst og var greind á Náttúrugripasafni Íslands. Sveitalífið átti vel við hana því að hún dafnaði vel í Mýrdalssýslu en drapst í Reykjavík.

Það var Eyjólfur Guðmundsson, hreppstjóri og bóndi að Hvoli í Mýrdal, sem færði Náttúrugripasafninu kvikindið en sonur hans, Sigurður, hafði fundið það í kartöflugarði eftir mikið óveður. Sigurði sýndist þetta vera hauslaus mús en rannsakaði betur og sá að það var lifandi, þandist út og sýndi tennurnar.

Heimilisfólkið á Hvoli ól hana í nokkra daga og var hún geymd í kassa á daginn en fékk að fljúga laus á kvöldin. Leðurblakan fékk ána- maðka að éta og mjólk að drekka og eflidist hún með hverjum deginum á bænum.

Blakan var enn lifandi þegar Eyjólfur kom með hana til Reykjavíkur 18. október en þá hætti hún að vilja nærast og drapst daginn eftir.

Finnur Guðmundsson náttúrufræðingur rannsakaði leðurblökuna og komst að raun um að hún var ekki af evrópsku kyni heldur amerísku. Vegalengdin er hins vegar allt of löng til að hún hafi getað flogið hingað sjálf. Að öllum líkindum flaug hún af skipi á leið frá Bandaríkjunum eða Kanada.

Til eru tvær eldri frásagnir af leðurblökuheimsóknum hér á landi, árin 1817 og 1936, og ekki ósennilegt að þær eigi við rök að styðjast. Fundurinn á Hvoli er hins vegar sá fyrsti sem góðar heimildir eru til um. Leðurblökur hafa margoft fundist hér síðan og hafa til dæmis komið hingað með banana-sendingum. ■



Hann færði hins vegar út kvíarnar og fór að smygla varningi í gegnum Vestur-Þýskaland og til Spánar og Suður-Ameríku. Árið 1959 gerði lögreglan mikla rassíu og handtók 80 manns sem hlutu sumir langa dóma. En Hasso komst undan og flúði til eyjarinnar Mallorca, þar sem hann var með hluta af sinni starfsemi. Mallorca var þá smám saman að breytast í alvöru ferðamannastað og Hasso ákvað að nýta sér það.

Óhóf og vellystingar

Hasso reyndi fyrst fyrir sér með sjóskíðaleigu en það gekk illa og árið 1961 opnaði hann loks bílaleigu, Hasso Rent a Car. Um þetta leyti kynntist hann Sigurði S. Bjarnasyni, sem var þá ungur maður í ævintýraleit. Sigurður starfaði hjá Hasso í tvö ár og náði hagstæðum samningum við stærstu bílaleiguna á staðnum um að leigja á umbodslaunum. Sigurður hætti þá störfum en þeir héldu venskap eftir það.

Bílaleigan gekk vel og Hasso fitnaði eins og púkinn á fjósbitanum. Hann fékk viðurnefnið „kóngurinn af Mallorca“ og lifði samkvæmt því, í vellystingum og óhöfi. Hasso varð eldri og eldri en eiginkonur hans voru alltaf á sama aldri. Alls var hann kvæntur sex sinnum. Eitt sagði hann: „Konur yfir þrítugt lykta bara ekki vel.“

Hasso varð milljarðamæringur og fjárfesti í bönkum í Þýskalandi

og á Spáni. Hann fór að kalla sig Hasson von Schutzendorf og lét hanna skjaldarmerki fyrir sig. Hann safnaði framandi dýrum, stórum sem smáum og hélt þau í glæsihýsi sínu í Palma. Popparar og Hollywood-stjörnur voru daglegir gestir á heimili hans. En Hasso var einnig gjafmildur og studdi við ýmiss konar góðgerðarstarfsemi á eyjunni sem hafði gert hann svó ríkan.

Hasso elskaði Ísland og kom hingað til lands margoft í frítíma sínum. Hann var einn af þeim heimsfrægu mönnum sem renndu fyrir lax á Íslandi. Í dagblöðum var hann titlaður sérstakur Íslandsvinur og um tíma fengu allir Íslendingar að leigja bíla frítt hjá honum á Mallorca. Einnig bauð hann Íslendingum á Mallorca að koma og dvelja hjá sér í vellystingum í Palma. Árið 1995 stofnaði hann útibú fyrir bílaleigu sína hér á landi og varð Sigurður, gamli vinur hans, framkvæmdastjóri.

Á Íslandi með lífvörð

Á efri árum lenti Hasso margoft í erfiðum málum og uppákomum tengdum fjölskyldu hans. Í apríl árið 1994 hvarf tíu ára sonur hans, Alberto, af heimilinu í Palma og gerði lögreglan á Spáni og í Þýskalandi mikla leit að honum. Kom þá í ljós að móðir drengsins, og fjórða eiginkona Hasso, Maria del Carmen, hafði tekið drenginn.

Íslenska útlendingaeftirlitinu var gert viðvart um málið þar sem talið var að Maria gæti hafa komið hingað með drenginn. Seinna kom í ljós að Maria hefði átt að hafa umsjá með drengnum og fékk hún það staðfest fyrir rétti.

Árið 1993 giftist Hasso kólu-bískri konu að nafni Astrid og eftir það beindust augu þarlandra glæpasamtaka að honum. Hótanir og fjárkúgun fylgdu og í eitt skiptið var brotist inn á heimili hans í Palma. Í ágústmánuði árið 1996 kom Hasso til Íslands í fylgd með lífverði en hann hafði aldrei sést í slíki fylgd hér áður. Í það skiptið dvaldi hann á Íslandi í mánuð til að ná upp heilsu eftir lungnabólgu. Ítalska mafían hafði einnig í hótunum við hann vegna þess að hann neitaði að greiða svokallað verndargjald.

Árið 2001 réðust tveir grímuklæddir menn á Hasso á heimili hans þar sem hann var í fótanuddi. Þeir lömdu hann, hótuðu honum og rændu bæði peningum og skartgripum. Sjálfur taldi Hasso að þeir hefðu verið á vegum Astrid en hún var þá tekin saman við lífvörð Hasso og beið eftir skilnaði. Sambandið var hins vegar ekki verra en svo að hún var við hlið hans þegar hann lést ári seinna í Palma. Sirkus Hasso Schutzendorf var hins vegar ekki lokið því að erfðadeila milli Astrid og fjögurra sona Hasso stóð yfir í mörg ár. ■



Teikningu Muggs stolið og fargað

Desember árið 1984 var teikningu eftir Mugg, einn dáðasta myndlistarmann Íslands-sögunnar, stolið af Listasafni Alþýðusambandsins. Um var að ræða teikningu sem hafði mikið tilfinningalegt gildi fyrir eigandann sem var náfrænka listamannsins. Þjófurinn reyndi að koma verkinu í verð en þegar það tókst ekki fargaði hann því.

Smyglaði sér inn á safnið

Árið 1984 var haldin sýning í Listasafni ASÍ á verkum Guðmundar Péturs Thorsteins-sonar, Muggs, sem var einn af merkustu myndlistarmönnum Íslands. Muggur, sem var frá Bíldudal, lést aðeins 32 ára gamall árið 1924 úr brjóstveiki í Danmörku. Muggur var fjölhæfur málari og þekktur fyrir verk sýn sem hann byggði á íslenskum þjóðsögum. Í dag er hann þekktastur fyrir að hafa myndskreytt barnabækurnar Tíu litlir negrastrákar og Sagan um Dimmalimm.

Föstudaginn 14. desember hvarf eitt verkanna af sýningunni, blýantsteikning frá árinu 1913 sem bar heitið Beta. Teikningin var af Elísabetu Egilson Waage, systurdóttur Muggs, sofandi þegar hún var þrjú ára gömul og hún var einnig eigandi verksins.

Skólahópur var á listasafninu þennan dag, utan opnunartíma, til að fræðast um verk Muggs og með þeim hafði laumast inn maður sem enginn kunnir deili á. Þegar starfsfólk safnsins tók eftir því að verkið var horfið var strax

hringt á lögregluna og leit hafin að manningum.

„Þetta kemur óneitanlega við mig, myndin var svo persónuleg,“ sagði Elísabet í samtali við Morgunblaðið. Hún hafði fengið myndina í arf frá ljósmóður sinni, Þuríði Bárðardóttur. „Þessi mynd er eini erfðagripurinn sem ég hef eignast í lífinu. Ég vona bara að þetta sé ekki einhver ólánsmaður sem eyðileggur hana.“

Reif teikninguna í smátt

Þriðjudaginn 18. desember hafði lögregla upp á manningum, sem var á þrítugsaldri og hafði aldrei komið við sögu lögreglu áður. Við yfirheyrslu neitaði hann sök og var sleppt í kjölfarið. En eftir að nýjar upplýsingar bárust um málið var hann handtekinn á ný degi seinna og jataði hann þá að hafa stolið Betu.

Sagðist maðurinn hafa stolið myndinni til þess að selja kunningja sínum en þegar kunninginn vildi ekkert með hana hafa þá hafi hann rífið hana í smátt og fleygt henni. Kunningi þjófsins var einnig yfirheyrður vegna málsins. Þórir Oddsson rannsóknarlög- reglumaður tjáði fjölmiðlum hins vegar að óvíst væri um sannleiksgildi frásagnarinnar og að verkið væri hugsanlega falið einhvers staðar. Verkið hefur hins vegar aldrei komið í leitirnar.

Öryggismál Listasafnsins voru endurskoðuð í kjölfarið á þjófnadnum. Beta var tryggð eins og önnur verk á sýningunni og voru sérfróðir matsmenn kvaddir til að meta verðmætið. ■



Íslendingar eru ljóð- og tónelsk þjóð og hafa náð lygilegum frama á sviði tónlistar á undan förnum þremur áratugum. Um aldir kyrjuðu landsmenn saman á samkundum en fyrsta eiginlega hljómsveitin var ekki stofnuð fyrr en árið 1876 og bar hún nafnið Lúðraþeytarafélag Reykjavíkur.

Lúðraþeytarafélagið var hugar-fóstur Helga Helgasonar, trésmíðameistara og trompetleikara, en hann stofnaði hljómsveitina eftir að hann kom heim frá Kaupmannahöfn úr söngnámi. Auk þess að smíða hús gat Helgi sett saman orgel, fiðlur og harmóníkur listavel og samdi hann tugi laga. Óxar við ána er eitt hans þekktasta.

Innblásturinn til að stofna Lúðraþeytarafélagið fékk Helgi frá danski sveit sem hingað kom til að flytja lög á þjóðhátíðinni árið 1874. Sex blásara þjálfaði Helgi upp og í kringum árið 1880 spiluðu þeir á hverjum sunnudegi á Austurvelli. Síðar bættust fleiri í hópinn.

Hljómsveitin var starfandi í um fjörutíu ár en breytti um nafn eftir aldamótin og hét þá Lúðraflokkur Reykjavíkur. Lúðrasveitir spruttu upp eins og gorkúlur, í Hafnarfirði, Eyrarbakka, Keflavík og víðar. Helgi stofnaði einnig lúðrasveit í Vestmannaeyjum þar sem hann bjó um tíma en hann lést árið 1922. ■

Er fyrirtækið þitt umhverfisvænt?



Breyttu úr plasti yfir í pappír

Eigum allar stærðir

Merktu pokana með þínu merki



S. 565 2217 - pappir@pappir.is - Kaplahraun 20 - 220 Hanarfjörður

20. júlí 1969

Risastórt skref fyrir mannkynið

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Að morgni 16. júlí 1969 sátu Neil Armstrong, Buzz Aldrin og Michael Collins um borð í Apollo 11 sem sat á toppi Saturn V-eldflaugarinnar í Kennedy Space Center í Flórída. Klukkan 9.32 voru hreyflar eldflaugarinnar ræstir og Apollo 11 geystist af stað út í geiminn. Um 12 mínútum síðar var geimfarið komið út fyrir gufuhvolfið og á braut um jörðina. Eftir einn og hálfan hring fékk áhöfnin fyrirskipun um að hefja ferðina til tunglsins. Þremur dögum síðar var geimfarið komið á braut um þennan næsta nágranna okkar. Degi síðar klifruðu Armstrong og Aldrin um borð í landingarfarið Eagle (Örninn) og lögðu af stað í átt til landingar á tunglinu. Collins varð eftir í Apollo 11 sem var á braut um tunglið.

Saturn V-eldflaugarnar eru enn þann í dag hæstu, öflugustu og þyngstu eldflaugarnar sem hafa verið notaðar. Engar flaugar hafa borið þyngri farm frá jörðu og út í geiminn, en þær gátu borið allt að 140 tonna farm. Full þörf var á þessari miklu burðargetu til að koma Apollo 11 og öðrum Apollo-geimförum til tunglsins því geimfarið þurfti tank af eldsneyti til að komast fram og til baka. Þennan „aukaeldsneytistank“ gat Saturn V-flaugin borið með sér út í geim.

Pólitík réð för

Mikil og hröð þróun hafði verið í geimferðum árin á undan. Aðeins voru rétt rúmlega átta ár síðan Gagarin og Shepard fóru fyrstir manna út í geiminn og aðeins sjö mánuðir síðan NASA tók þá djörfu ákvörðun að senda Apollo 8 alla leið til tunglsins. Það var í fyrsta sinn sem mönnum geimfari var skotið á loft með hinni öflugum Saturn V -eldflaug. Yuri Gagarin var fyrsti maðurinn til að fara út í geiminn en hann var frá Sovétríkjunum. Alan Shepard var fyrsti Bandaríkjamadurinn til að fara út í geiminn. Hann átti síðar eftir að fara til tunglsins en hann steig þar niður fæti 1971. Í kjölfar þessara afreka sagði John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, í ræðu þann 25. maí 1961 að Bandaríkjamenn skyldu setja sér það markmið að koma mönnum til tunglsins fyrir lok áratugarins.

„Ég tel að þessi þjóð ætti að einsetja sér, að ná því markmiði, áður en áratugurinn er úti, að senda mann til tunglsins og koma honum örugglega heim til jarðar aftur.“

Ekki af því að það væri auðvelt, heldur af því að það væri erfitt. Þetta sagði hann í ræðu fyrir framan báðar deildir Bandaríkjaþings. Á bak við þessa ákvörðun voru nokkrir pólitískir þættir sem urðu þess valdandi að Kennedy tók þessa ákvörðun á þessum tímamarki. Kennedy fannst hann vera undir miklum þrýstingi um að láta Bandaríkin „ná Sovétríkjunum og taka fram úr“ þeim í „geimkapphlaupinu“. Sovéttmenn höfðu komið Bandaríkjamönnum í opna skjöldu 1957 þegar þeir sendu Sputnik-gervihnöttinn á braut um jörðu og urðu þar með

fyrstir til að koma gervihnötti á braut um jörðu. Ekki bætti úr skák að Yuri Gagarin varð fyrstur manna til að fara út í geiminn en það gerðist þann 12. apríl 1961. Það gerði stöðuna enn verri pólitískt að Svínaflóahneykslið í apríl 1961 var í háumáli og hafði komið illa við Bandaríkin. Kennedy vildi því tilkynna um eitthvað sem Bandaríkin ættu möguleika á að gera á undan Sovéttmönnum. Eftir að hafa ráðfært sig við varaforsetann, forstjóra NASA og fleiri embættismenn var niðurstaða hans að mönnum geimferð til tunglsins væri mikil tæknileg áskorun, en áskorun sem Bandaríkjamenn gætu tekist á við.

Stóri dagurinn 20. júlí

Armstrong stýrði Erninum niður að yfirborði tunglsins. Þegar kom að landingu varð hann að breyta út frá fyrri áætlun þar sem aðstæður voru aðrar en reiknað var með. Hann þurfti að stýra geimfarinu framhjá grjótipöktu svæði við suðurbrún Friðarhafsins. Viðvörðunarbjóllur Arnarins glumdu í sífellu á síðustu stundum aðflugsins og landingarinnar. Það var vegna þess að stjórnólva geimfarsins reyndi að gera of mikið í einu og réð ekki við það.

Klukkan 16.18 að staðartíma á austurströnd Bandaríkjanna lenti geimfarið á tunglinu en þá átti það aðeins eftir eldsneyti til 30 sekúndna flugs. Armstrong kallaði í talstöðina:

„Houston, Friðarhafsstöð hér. Örninn er lentur.“

Mikil fagnaðarlæti brutust út í stjórnstöð NASA á jörðu niðri.

Fyrsti maðurinn sem steig fæti á tunglið

Því næst var komið að því að Armstrong og Aldrin yfirgæfu geimfarið og stígu fæti á tunglið. Báðir höfðu hug á að verða fyrstir til þess enda vitað mál að sagan myndi fyrst og fremst minnst þess sem það gerði. En það sem réð því að það var Armstrong sem steig fyrstur manna fæti á tunglið var staðsetning þeirra í Erninum. Armstrong var nær lúgunni og þurfti því að fara út á undan.

Klukkan 22.56 að staðartíma á austurströnd Bandaríkjanna steig Armstrong síðan niður á yfirborði tunglsins og mælti hin ódauðlegu orð:

„Þetta er lítið skref fyrir mann en risastórt stökk fyrir mannkynið.“

Aldrin kom skömmu síðar út og niður á tunglið og kom með einfalda en magnaða lýsingu á yfirborði tunglsins:

„Stórfengleg auðn.“

Þeir félagar könnuðu yfirborð tunglsins í tvær og hálf klukkustund og söfnuðu sýnum og tóku myndir í gríð og erg. Á tunglinu skildu þeir eftir bandaríska fánann, skjöld til minningar um áhöfn Apollo 1. Á skildi á einum fæti Arnarins stendur:

„Hér stígu menn frá reikistjórnu jörð fyrst fæti á tunglið í júlí 1969 e. Kr. Við komum í friði fyrir hönd alls mannkyns.“

Heimferðin gekk vel og þeir lentu í hafinu úti fyrir Hawaii 24. júlí. Áskorun Kennedy hafði verið mætt. Menn höfðu ferðast til tunglsins, stigið fæti á það og komist aftur heim heilu og höldnu. ■





Tetra AquaArt
30 lítra fiskabúr

Tilboðsverð:
13.500 kr.

Fullt verð 17.315 kr.

20% afsláttur af öllu
sem fer ofan í búrið

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli. Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð, husa um umhverfið og henda rusli. Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka, þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!

BERKLASJÚKLINGAR VORU TALDIR VERA VAMPIRUR

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Nýja-England er án nokkurs vafa sá staður í Bandaríkjunum þar sem hið óskýrða og undarlega hefur átt stærstan sess. Þar var rétt að yfir norðum á sautjándu öld, Lizzie Borden var grunuð um axarmorð og H.P. Lovecraft bjó til undraheim guða og djöflla. Ógrynni af sögum um vatnaverur, hauslausla ára og skrímsli hefur verið til á svæðinu frá því að enskir púrítanar sigldu þangað fyrir röskum fjórum öldum. Nýja-England var því kjörinn vettvangur fyrir vampíruhræðslu á nítjándu öld.

Berklafaraldur

Berklar eru bakteríusýking sem fylgt hefur mannkyninu síðan í fornöld og útbreiðsla þeirra hefur riðið yfir í bylgjum. Í kjölfar iðnbyltingarinnar á nítjándu öld urðu berklar að mannskæðum faraldri í Evrópu og Ameríku og flest fórnarlömbin voru fátækt fólk. Í Evrópu var fjórða hvert

dauðsfall af völdum berkla.

Á þeim árum var sjúkdómurinn kallaður tæring og fólk hafði ekki þá læknisfræðilegu þekkingu til að skilja orsakir hans og útbreiðslu. Sjúklingarnir virtust einfaldlega tærust upp. Oft kom það fyrir að heilu fjölskyldurnar sýktust og aðeins einn fjölskyldumeðlimur lést. Hinir lifðu af en glötuðu heilsunni og mörgum fannst þetta grunsamlegt, sérstaklega íbúum Nýja-Englands. Fólk taldi því að hinn látni sögaði til sín lífsorkuna úr eftirlifendum.

Líffæri fjarlægð og reyknun andað inn

Í dagblöðum var því slegið upp að látnir berklasjúklingar væru í raun og veru vampírur en það hugtak hafði ekki sömu meiningu og í nútímanum. Fólk taldi ekki að þessar vampírur risu úr gröfum sínum og bitu fórnarlömb líkt og Drakúla greifi heldur söguðu þær lífsorkuna til sín úr gröfnni.

Til að verjast þessum vampírur voru þær grafnar upp og líkin grandskoðuð. Ef líkið var tiltölu-

lega ferskt og jafnvel enn þá blóðleifar í hjartanu var um vampíru að ræða. En hvernig átti að stöðva slíka ófreskju? Að minnsta kosti ekki með því að reka viðarstiku í gegnum hjartað en það voru til aðrar leiðir.

Stundum var vampírurni einfaldlega snúið við í gröfnni og átti það að stöðva árásirnar. Ef það virkaði ekki þá voru heilu líffærin fjarlægð og brennd og önduðu berklasjúkir ættingjar þar reyknun að sér til að endurheimta orkuna. Stundum virkaði að afhöfða vampíruruna rétt eins og í nútíma vampírubókmenntum.

Sagan af Mercy Brown

Eitt umtalaðasta vampírumálið í Nýja-Englandi átti sér stað í bænum Exeter í Rhode Island fylki árið 1892. Þar bjó Brown-fjölskyldan sem hafði lent illa í berklafaraldrinum um langt skeið. Móðirin Mary lést fyrst og dæturnar, Mary Olive og Mercy, í kjölfarið. Þegar sonurinn Edwin sýktist var talið að látnu fjölskyldumeðlimirnir væru að söga til sín lífsorkuna.



Þann 17. mars árið 1892 samþykkti faðirinn George að líkin skyldu grafinn upp og fylgdust bæjarbúar, blaðamenn og læknir með uppgreftrinum. Lík Mary og Mary Olive voru rotin og þeim því ekki kennt um heilsubrest Edwins. En Mercy hafði ekki enn verið grafinn í jörðu heldur var hún geymd ofanjarðar í hvelvingu og í líffærum hennar fannst

rennandi blóð. Ekki var horft til þess að mjög kalt var ofanjarðar og þess vegna hafði lík hennar varðveist betur.

Mercy var úrskurðuð vampíra og hjarta hennar fjarlægð og brennt. Óskunni var síðan blandað við vatn sem Edwin var látinn drekka til að ná heilsu sinni aftur. Edwin lést hins vegar tveimur mánuðum síðar. ■

Ford lét grípa síðasta andardrátt Edison

Thomas Edison var einn af merkilegustu uppfinningamönnum sögunnar. Meðal uppfinninga hans má nefna kvikmyndatökuvélina, grammófóninn og ljósaperur fyrir almenn-

ing. Einkaleyfi hans voru yfir þúsund talsins. Svo merkilegur þótti hann að síðasti andardrátturinn var gripinn í sýnisglas og er nú geymdur á safni.

Taldi hægt að endurlífga Edison

Thomas Edison var ekki aðeins uppfinningamaður heldur iðnjöfur og stóð til að mynda fyrir rafvæðingu New York-borgar. Fyr-



Ford og Edison voru miklir mætar



irtæki hans hét Edison Illuminating Company og var með starfstöðvar víðs vegar um Bandaríkin. Ungur Henry Ford starfaði hjá fyrirtækinu í Detroit og hiti sjálfan Edison á ráðstefnu þar árið 1896. Ford var þá að vinna að gerð bílvélar og Edison var hrifin af því. Eftir þetta urðu þeir góðir vinir og Ford leit ávallt á Edison sem sína helstu fyrirmynd.

Þann 18. október árið 1931 lést Edison á heimili sínu í New Jersey, 84 ára gamall, eftir langvinna baráttu við sykursýki. Þegar dauðastríð Edison hófst hringdi Ford í son hans, Charles, og bað hann um að varðveita síðasta andardrátt föður síns.

Henry Ford var hjátrúarfullur maður, rétt eins og Edison sjálfur, og trúaður á spíritisma. Hann trúði því að í síðasta andardráttinum færi sálin úr líkamanum og ef andardrátturinn næðist væri hugsanlega hægt að lífga Edison aftur við í framtíðinni með nýrri tækni. Þess vegna bað hann Charles um að setja sýnaglas upp að vörum föður síns við andlátid. Charles fylgdi fyrirmælunum

að hluta. Hann setti ekki glas upp að vörum föður síns heldur stillti átta sýnaglösum upp í kringum dánarbedinn. Þegar hann var látinn var læknir fenginn til að innsigla glösin með paraffinvaxi. Henry Ford fékk eitt af þessum glösum til eignar.

Týndist í áratugi

Henry Ford sjálfur lést árið 1947 og þegar eiginkona hans Clara lést þremur árum síðar var glasið skráð sem eign búsin. En svo var glasið týnt í næstum þrjá áratugi þar til það fannst í kassa á Henry Fordsafninu í Detroit árið 1978. Síðan þá hefur síðasti andardráttur Edison verið til sýnis þar.

Hvað um hin sjö glösin varð er erfiðara að segja en virðist sem þau hafi fjölgað sér í gegnum tíðina. Í búi Edison-fjölskyldunnar eru samtals 42 sýnaglös merkt sem síðasti andardráttur snillingsins. ■

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Gerid gæða- og verðsamanbuð



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup



BODYPRINT



Mikið úrval af stillanlegum rúmum

Svefn & heilsa

★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

vefverslun
svefnogheilsa.is

Umboðsaðilar: HúsgagnaVal - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

LI-ION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrónggangalyftari



Dráttartæki



Stafflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Karl Olgeirsson gefur út Mitt bláa hjarta

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Það voru örlög mín að verða tónlistarmaður

Tónlistarmaðurinn Karl Olgeirsson gefur föstudaginn 14. september út Mitt bláa hjarta, 14 nýir jazzsöngvar í nótnabók og heldur sama kvöld útgáfutónleika í Hannesarholti, þar sem hann syngur löginn upp úr bókinni og segir sögur tengdar þeim. Í lok október kemur síðan út tvöföld vínylplata og geisladiskur sem Karl er að safna fyrir á hóp-fjármögnunurvefnum Karolina Fund. Mitt bláa hjarta er fyrsta sólóplata Karls, sem hefur lifað og hrærst í tónlist frá barnsaldri.

„Ég hef alltaf verið djassari og mér finnst gaman að hlusta á djass þegar ég er heima og þó ég sé að vinna í söngleikjum og alls konar poppi þá hef ég verið að færa mig í djassinn,“ segir Karl, aðspurður um af hverju djassplata varð fyrir valinu sem fyrsta sólóplatan.

„Ég byrjaði á því að ákveða að gefa út nótnabók. Síðan hugsaði ég að það þyrftu að vera til upptök-ur fyrir fólk til að heyra löginn, fór að ræða við tónlistarfólk hvort það væri ekki til í að taka upp með mér og varð þá mun spennandi fyrir plötunni en nótnabókinni. En það styttist í útgáfu bókarinnar og ég er eðlilega líka spennur fyrir henni.“

Í fyrra gaf Karl út Happy Hour með Ragga Bjarna ásamt Karl Orgeltrío og sólóplötu Helenu Eyjólfssdóttur sem kom út árið áður. Karl segir að það sé í raun algert rugl að gefa út plötu í dag, en markhópurinn sé kannski hópur sem kaupir ennþá plötur.

Mitt bláa hjarta kemur út bæði á geisladiski og á tvöfaldri vín-ylplötu. „Þetta eru svo mörg lög að það verður að vera tvöföld plata,“ segir Karl, „og það var sama við hvern ég talaði það voru allir til í að vera með. Góðviljað-asta fólk sem ég veit um er tónlist-arfólk, það er til í að vera með í alls konar söfnunum til að hjálpa öð-rum og að hjálpa öðru tónlistar-fólki. Ég bjó í Svíþjóð um tíma og þar er algengt að fólk sé að vinna saman í teymum, svona samstarf, þetta þekktist ekki mikið hér á Ís-landi.“

Mitt bláa hjarta fjallar um ástir, söknud, borgarlíf og fleira

Karl semur öll lög og alla texta fyrir utan einn og tveir eru samdr-ir í samstarfi við aðra. „Það er líka svo skemmtilegt, ég hef samið hundruð laga í gegnum tíðina en aldrei áður gert heila plötu með



lögum.“

Á plötunni, sem tekin var upp í júlí síðastliðn-um, syngja tólf söngvarar en auk þeirra koma átta hljóðfæraleikar- ar við sögu. Ragnheiður Gröndal, Bogomil Font, KK og Helgi Hrafn Jónsson ásamt fleirum syngja lög- in sem fjalla um ástir, söknud, borgarlíf, veðrið og athyglisbrest svo eitthvað sé nefnt. Kona Karls, Sigga Eyrún, syngur eitt lag. „Það er auðvelt fyrir okkur að vinna saman þar sem við búum saman. Það er sagt að tónlistin sé hjákona en stundum er hún konan mín og Sigga hjákona,“ segir Karl og bætir við, aðspurður hvort það sé gott að eiga maka sem er líka í tón- list og skilji það sem í því felst, að hann haldi að það sé eina leiðin.

„Ég er gríðarlega þakklátur fyrir að gera það sem ég elska“

Karl byrjaði að spila á hljóðfæri og semja þegar hann var fjögurra ára, var í hljómsveitum í grunnskóla og farinn að spila með hljómsveitum og fá greitt fyrir það þegar hann var kominn í MH. „Ég fann það í náminu að ég var ekki að fara að nýta mér stúdentsprófið neitt. Ég vissi alltaf að ég væri tónlistar- maður,“ segir Karl. „Það voru örlög mín að verða tónlistarmaður eins og Egill Ólafsson söng.“

Ég er gríðarlega þakklátur fyrir að gera það sem ég elska að gera. Ég er svo heppinn að ég geri svo margt.“ Karl er í útsetningum, vinnur sem undirleikari, tónlist- arstjóri, hljóðfæraleikari í hljóms- sveitum og upptökustjóri í hljóð- verum.

„Ég get hlaupið í svo margt og þá er auðvelt að vera tónlistar- maður á Íslandi. En maður þarf að hafa allar klær úti og elska það sem maður gerir þannig að maður sé ekki að kvarta yfir að vinna um helgar.“

Næsta stóra verkefni hjá Karli, eftir útgáfu plötunnar, er jólasýn- ing Þjóðleikhússins, Einræðisherr- ann eftir Chaplin, sem byrjar í lok október. „Þetta er mjög spennandi verkefni. Ég er hljóðfæraleikarinn og spila Chaplin á píanó og sé um alla hljóðeffekta líka. Ég sá sýn- inguna í Kaupmannahöfn í vor og var alveg hugfanginn. Siggí Sigur- jóns er Chaplin og ég er spennur fyrir þessu verkefni.“

Ég byrjaði í Rocky Horror í MH og hef eiginlega ekki hætt síðan, það koma nokkur ár sem maður er ekki í leikhúsinu svo dettur maður aftur inn. Það er alltaf lifandi tón- list í söngleikjum og oft í barna- leikritum líka en mér finnst verða algengara að það sé lifandi tónlist í leiksýningum.“

Þeir sem vilja styrkja útgáfu vín-ylplötunnar geta farið á karolinafund.com og fundið þar verkefnið Mitt bláa hjarta. Þar er í boði að kaupa sér eintak af plöt- unni fyrirfram, hvort heldur sem er í stafrænu niðurhali, á geisla- plötu eða vín-yl. Einnig er hægt að kaupa nótnabókina og jafnvel stofutónleika með höfundinum. ■

Textabrot þriggja laga

„Ég sá fyrir mér náttthrafn á leiðinni af kránni og fannst að hann ætti skilið lítinn sálm.“

Vefðu mig örmum húmið blítt

Vefðu mig örmum húmið blítt og verndaðu mig í nótt.

Á ferli eru skuggar og alls konar fólk

svo mér verður ekki rótt.

Ljósín í bænum lýsa dauft

á döggvotar göturnar heim

en kannski væri ráð

að fara hvergi í bráð

og halla sér ofurhljótt.

Vefðu mig örmum húmið blítt

og verndaðu mig í nótt.

„Mér þykir þessi skemmtileg- ur því hann nefnir nokkra staði í Reykjavík og það kemur fyrir vikið smá Jóns Múla og Jónasarbragð af þessu. Þar fyrir utan stríðir hann manni, segir í raun og veru ekkert um hvað gerðist en tiltekur mjög nákvæmlega hvar.“

Norðurmýrarmegin við

Klambratún

Norðurmýrarmegin við

Klambratún

mættust þau í fyrsta sinn hann

og hún.

Dáldið alveg ótrúlegt gerðist þá

sem ekki nokkur sá.

Er það ekki helber synd

að enginn hafi smellt af mynd

þennan hjarta dag upp við

Klambratún

við Rauðarárstíg gegnt Kjartans-

götu?

„Þetta er textinn úr titillaginu.

Mér datt í hug þar sem ég horfði

á Esjuna að fjarlægðin gerði líka

hjórtu mannanna blá því maður

verður jú sorgmæddur þegar

maður er fjarri þeim sem maður

elskar. Þannig að fjallið og hjartað

sitja og fella tár saman, bæði blá!“

Mitt bláa hjarta

Fjarlægðin gerir fjöllin blá

og hjörtun sem henni deila.

Tíminn þótt eigi að græða sár

aldrei nær þau að heila.

Því þótt líði þúsund ár

sitja og saman fella tár

fjallið háa bratta

og mitt bláa hjarta.

ERUM FLUTT Í
GYLFAFLÖT 6 - 8



Gylfaflöt 6 - 8

Fanntófell

Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús · sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfriú stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010

Hjá Ísrör ehf færðu pressuvélar og tengi til samsetningar stállagna



Hjá Ísrör færðu einnig PEX-STÁL HITAVEITURÖR/FITTINGS – HITAVEITU – LJÓSLEIÐARA OG GASSKÁPA ÍDRÁTTARRÖR – VARÚÐARBORÐA – HERPIMÚFFUR og svo margt fleira

ÍSRÖR

Sími 565 1489 - Hringhella 12 - 221 Hafnarfjörður - isror@isror.is - www.isror.is

„Tussusnúður er alltaf gott svar ef þú veist ekki hvað þú átt að segja“

Fríðrik Ómar er einn af ástsælli söngvurum þjóðarinnar. Hann hefur keppt fyrir hönd okkar í Eurovision, heillað tugþúsundir með mögnuðum stórtónleikum á Fiskideginum á Dalvík og fært okkur tónlist fjölmargra listamanna í sýningum Rigg viðburða, en næst tekur hann fyrir lög George Michael í Eldborg þann 14. september. Fríðrik Ómar hlóð batterið í sólinni í Króatíu um leið og hann hlóð í svör og sýndi á sér hina hliðina.

Ef þú þyrftir að breyta, hvað myndirðu vilja heita annað en Fríðrik Ómar eða vera annað en tónlistarmaður? Var virkilega sáttur við nafnið þar til Fríðrik Dór varð mesta poppstirni landsins. Er kallaður Fríðrik Dór einu sinni í viku. Myndi segja að ég væri til í að heita Ragnar Sigurðsson.

Hverjum líkist þú mest? Pabba og mömmu. Ágætis blanda.

Hvað halda margir um þig sem er alls ekki satt? Að ég geti ekki spilað á trommur.

Í hverju finnst þér þú vera betri en aðrir? Finna gott samstarfsfólk. Engin spurning!

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? Að gera skattskýrslu.

Ef þú þyrftir að eyða 1 milljón á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? Hljóðfæra-húsið/Tónabúðin.

Hvað viltu að standi skrifad á legsteininum þínum? Batnaði með aldrinum.

Sex ára barn spyr þig hvort að jóla-sveinninn sé til. Hvernig svarar þú? Auðvitað. Ho ho ho.

Hvernig myndirðu lýsa litnum gulur fyrir blindum manni? Honum væri slétt sama held ég.

Hvaða lag hefðir þú viljað hafa samið? I Will Always Love You eftir Dolly Parton.

Hvaða lag skammastu þín mest fyrir að hafa haldið upp á? Guð – ekki nokkurt. Maður þroskast við að hlusta á alls konar.

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndirðu vilja dansa? Single Ladies með Beyoncé.

Hvað ætti ævisagan þín að heita? Maðurinn sem elskar Siggú Beinteins.

Hvaða bímynd hefurðu séð oftast? Stelli í orlofi.

Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Jójó.

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? Prumpi. Fæ aldrei nóg.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta sóludag? Já, en fer samt eftir því hvað það er.

Hvað er það furðulegasta sem þú hefur keypt? Pottþétt eitthvert grenningarlyf.

Hvert er versta hrós sem þú hefur fengið? Ég er ekki hommi sko, en þú ert frábær söngvari.

Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Já, stundum.

Hvaða ósýnd hefur þér reynst erfidast að hætta? Naga neglurnar.

Hverju laugstu síðast? Er afsþyrnu hrein-skilinn svo ég man það barasta ekki.

Um hvað geta allir í heiminum verið sammála? Hreint og gott vatn.

Ef þú mættir bæta við ellefta boðorðinu, hvernig hljómaði það? Ekki elta þann sem er með nammipokann.

Hvað í hegðun hins kynsins ruglar þig mest? Hvað þær fara illa með karlmennina okkar ... haha djók.

Hvaða áhugamál myndirðu ekki sætta þig við að maki þinn stundaði? Enska boltann.

Á hvern öskraðirðu síðast? Bubba Morthenes.

Hvaða einstakling finnst þér þú þekkjast, þótt þú hafir aldrei hitt hann? Elvis.

Hvað er það merkilegasta sem hefur gerst í heiminum á þínum líftíma? Að fá að eldast kemur fyrst upp. En „over all“ er það helst þakklæti fyrir fólkið mitt og vini.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Christina Aguilera.

Hvaða frægu persónu leistu upp til en sérd eftir því í dag? Sé ekki eftir neinu. „Live and learn!“

Hver er mest kynsandi teiknimyndarpersónan? Tinni auðvitað.

Hvaða viðburð sérðu mest eftir að hafa misst af? Whitney Houston í Stokkhólmi þegar ég bjó þar 2011. Sat heima á jogging-gallanum og hugsaði: „ég fer bara seinna.“ Hún lést ári síðar.

Hvaða tveir hlutir eru hræðilegir hvor í sínu lagi en frábærir saman? Hákarl og sykur. Ój. Datt ekkert annað í hug.



HIN HLIÐIN

Hver er fyndnasta „pick-up“-línan sem þú hefur heyrt? Agalegt skvaldur hérna inni. Eigum við ekki að spjalla heima hjá mér bara?

Hver er lélegasti fimmaur sem þú hefur heyrt? Hvað sagði gítarinn við gítarleikarana? Farðu varlega – ég er með strengi.

Hvað er löglegt í dag en verður það líklega ekki eftir 25 ár? Áfengi.

Hver er versta vinnan sem þú hefur unnið? Mjög lánsamur með það. Vann í fiski, útvarpi, bókabúð, bar ... fílaði það. Gaman að vinna.

Um hvað varstu alveg viss þangað til þú komst að því að þú hafðir rangt fyrir þér? Að ég hefði alltaf rétt fyrir mér.

Hvert er þitt stærsta líkamlega afrek í lífinu? Að skíta á mig á rúntinum með stjúppabba vinar míns þegar ég var 8 ára.

Í hvaða íþróttagrein finnst þér að keppendur ættu að vera ólvaðir? Skíðastökkki. Ókei, ég grenja úr hlátri sjálfur. Þetta er gott svar.

Hvaða kvikmynd þætti þér helst við hæfi að breyta í söngleik? Bodyguard.

Hvað verður orðið hallærislegt eftir 5 ár? Nocco-orkudrykkurinn.

Ef þú yrðir handtekinn án skýringa, hvað myndu vinir þínir og fjölskylda halda að þú hefðir gert af þér? Rænt hljóðfæra-verslun.

Hvaða teiknimyndarpersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Tinna.

Hvað myndirðu nefna landið okkar ef við þyrftum að breyta? Tussusnúður. Það er alltaf gott svar ef þú veist ekkert hvað þú átt að segja.

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Verða ástfangnir.

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerraði? Þegiðu.

Ef þú myndir borða sjálfan þig, hvort myndirðu hverfa eða tvöfaldast? Hverfa!

Ef þróunarkenningin er rétt, af hverju eru svín þá ekki með vængi? Af því það

væri mjög hallærislegt, en samt gaman að sjá.

Nú labbar mörgæs með kúrekahatt inn um dyrnar hjá þér. Hvað segir hún og af hverju er hún þarna? Ertu alveg búin að missa vitið? Dettur þér engin önnur spurning í hug? Af hverju er það bara ekki styttra þetta vídtal?

Ef þú værir ritstjóri dagblaðs og sama daginn myndi Lagarfljótsormurinn finnast, Friðrik Dór vinna Eurovision fyrir Íslands hönd og Donald Trump verða myrtur. Hver væri stærsta fyrirsögnin í blaðinu þínu daginn eftir? Friðrik Dór myrtur í Lagarfljóti.

Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Geir Ólafsson í sturtu, myndirðu hringja í lög-regluna? Nei. Geir er góður drengur. Smá kaffisopi og svo myndi ég vísa honum út.

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Að elska Siggú Beinteins og Stjórna.

Hvað er framundan um helgina? Ég ætla að syngja úr mér hjartað í Eldborg á George Michael-tónleikum.

SEGÐU NEI VIÐ PLASTI

- Brotnar niður á nokkrum vikum
- Umhverfisvænn
- Slitsterkur



Plastlaus september
Prófaðu umhverfisvæna ruslapokann

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

FAGLEG ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF!

ÖLL ÞJÓNUSTA Á SAMA STAÐ

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- SMÍÐAVINNA
- MÚRVINNA
- MÁLNINGARVINNA

HELLULAGNIR

LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- JARÐVINNA
- DRENLAGNIR
- HELLULAGNIR
- ÞÖKULAGNIR

Eind ehf



788 8870 | eind@eind.is

Refur réðst á sex ára son Freyju

Í vikunni birti DV hugljúft myndskleið af ungum dreng sem lék sér við óvenju gæfan ref. Fór afar vel með á þeim félögum og bræddi myndbandið eflaust ófá hjörtun. Refurinn heldur sig til við Ferðapjónustuna á Mjóeyri, skammt frá Eskifirði, sem er lítið fjölskyldufyrirtæki í eigu Sævars Guðjónssonar og Berglindar Ingvarsdóttur. Þangað var yrðlingurinn fluttur eftir að hafa fundist yfirgefinn í greni og unír hag sínum vel. Það eru þó ekki allir ánægðir með kynni sín af refnum.

„Við heimsóttum þennan stað

í byrjun ágúst á þessu ári. Það var hræðileg reynsla því refurinn réðst samstundis á sex ára son minn þegar hann labbaði að honum. Það var í raun heppni að ekki hafi farið verr því ég náði að rífa barnið upp af jörðinni og frá refnum. Sonur minn var var mjög hræddur og brotinn eftir þessa reynslu,“ segir Freyja Ösp Burknadóttir í samtali við DV. Að hennar mati er stórhættulegt að halda villt dýr með þessum hætti og hvað þá að auglýsa veru þeirra þannig að þau séu sérstakt aðdráttarafi fyrir ferðamenn.

Í samtali við DV staðfestir annar eigandi Ferðapjónustunnar, Berglind Ingvarsdóttir, að umrætt atvik hafi átt sér stað en að um einangrað tilvik hafi verið að ræða. „Við hörmum það mjög að þetta hafi átt sér stað. Þetta er villt dýr og við leggjum upp úr því að gestir okkar séu meðvitaðir um það. Við höfum fengið gríðarlegan fjölda af ferðamönnum, íslenskum og erlendum, til okkar og þessi gæfi refur hefur slegið í gegn. Það hefur ekki neitt annað tilvik átt sér stað,“ segir Berglind. Hún gerir ráð fyrir því að eðli refsins muni segja til sín



og hann haldi brátt til fjalla. „Náttúran er svo sterk í þessum dýrum. Hann er byrjaður að láta til sig hverfa í 1–2 daga og ég reikna með því að fljótlega muni hann ekki snúa aftur heim,“ segir Berglind.



Þóra Kristín Ásgeirsdóttir

Lítt þekkt ættartengsl

Hin skelegga og beitta blaðakona Þóra Kristín Ásgeirsdóttir hefur komið víða við á ferlinum, meðal annars á RÚV, Stundinni, Morgunblaðinu og Fréttatímanum þar sem hún var fréttastjóri. Nýverið tók Þóra við stöðu upplýsingafulltrúa hjá Íslenski erfðagreiningu en hún skrifar enn þá pistla sem hitta í mark.

Yngri systir hennar er Ester Bibí Ásgeirsdóttir, bassaleikari hinnar goðsagnakenndu rokksveitar Kolrössu Krókríðandi. Bandið naut mikilla vinsælda um miðjan tíunda áratuginn og gerði svo tilraun til að „meikaða“ erlendis sem Bellatrix og túraði til dæmis með Coldplay. Meðlimir Kolrössu komu nýverið saman eftir nærri tuttugu ára hlé. Ester starfar hjá Kvikmyndasafni Íslands.

Móðir Þóru og Esterar er Sigríður Jóhannesdóttir, fyrrverandi alþingismaður Alþýðubandalagsins og Samfylkingarinnar. Bæði Þóra og Ester hafa tekið sæti á framboðslista hjá Vinstri grænum.



Ester Bibí Ásgeirsdóttir

25% afsláttur
JKE innréttingar eru á 25% afslætti út september.

Komdu eldhúsinu í lag fyrir jólin!

Salerni
Vegghengt með hæglokandi setu. Án skolbrúnar. C+
45.995
13002336
Almennt verð: 59.995

Tilboð

Native Eik
8mm, 1285x192mm
Hörkustuðull AC4/32
1.765 kr/m²
0113509
Almennt verð: 2.622kr/m²

Tilboð

Space
handlaugar-tæki. krómað
6.995
15510821
Almennt verð: 9.395

Tilboð

Spegill
Spegill með LED ljósi. 62x70cm.
12.995
10705200
Almennt verð: 15.995

Tilboð

Handlaug
Á borð, 56x45cm. Blöndunartæki fylgja ekki með.
9.900
10708505
Almennt verð: 19.795

Tilboð

DECUS
Veggflís
Hexagonal, glans og matt, spænsk flís, 17x15cm
4.900 kr/m²
18087645/7
Almennt verð: 6.950kr/m²

NÝTT

EMIBIG
lighting

Birt með fyrirvara um prentviltur og/eða myndabrengl.

Hann var örugglega súr!

Loki

HÓLF & GÓLF

HÓLF & GÓLF
BYKO BREIDDINN

Nýtt blað frá Hólf og gólf
Tilboð og innblástur

Skoðaðu á byko.is

BYKO
GERUM PETTA SAMAN